

# Hreppsnefnd Rangárþings ytra

## Fundargerð

### 1. fundur hreppsnefndar Rangárþings ytra kjörtímabilið 2010 - 2014, haldinn að Suðurlandsvegi 1, Hellu, mánudaginn 14. júní 2010, kl. 13:00.

**Mætt voru:** Guðfinna Þorvaldsdóttir, Margrét Sigurgeirsdóttir, Magnús Jóhannsson, Steindór Tómasson, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Þorgils Torfi Jónsson og Anna María Kristjánsdóttir. Að auki Indriði Indriðason fjármálastjóri og Örn Þórðarson sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Þorgils Torfi Jónsson boðar og setur fundinn í krafti starfsaldurs í sveitarstjórn. Þorgils Torfi stjórnar fundinum fram yfir kjör oddvita.

#### 1. Skýrsla kjörstjórnar um sveitarstjórnarkosningarnar 29. maí 2010, ásamt kjörbréfum.

Lagt fram bréf frá kjörstjórn Rangárþings ytra við sveitarstjórnarkosningarnar 29. maí 2010. Með bréfinu fylgir afrit af skýrslu kjörstjórnarinnar til Hagstofu Íslands um kosningarnar og afrit af kjörbréfum til aðal- og varamanna í sveitarstjórn Rangárþings ytra.

Til kynningar.

#### 2. Kosningar í embætti sveitarstjórnar:

##### 2.1. Kjör oddvita.

Tillaga um að Guðfinna Þorvaldsdóttir, Saurbæ, 851 Hellu verði oddviti 2010 - 2011.

Samþykkt með fjórum atkvæðum, þrjú sitja hjá (GIG, ÞTJ, AMK).

Nýkjörinn oddviti, Guðfinna Þorvaldsdóttir, tekur við fundarstjórn.

##### 2.2. Kjör varaoddvita.

Tillaga um að Magnús Hrafn Jóhannsson, Freyvangi 22, 850 Hellu verði varaoddviti 2010 – 2011.

Samþykkt með fjórum atkvæðum, þrjú sitja hjá (GIG, ÞTJ, AMK).

##### 2.3. Kjör hreppsráðs til eins árs.

Tillaga um að eftirlidir hreppsnefndarmenn skipi hreppsráð 2010 – 2011;

Aðalmenn:

Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir, Bolöldu 4, 850 Hellu.

Steindór Tómasson, Bergöldu 2, 850 Hellu.

Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Laufskálum 4, 850 Hellu.

Samþykkt samhljóða.

Varamenn:

Guðfinna Þorvaldsdóttir, Saurbæ, 851 Hellu.

Magnús Hrafn Jóhannsson, Freyvangi 22, 850 Hellu.

Þorgils Torfi Jónsson, Freyvangi 6, 850 Hellu.

Samþykkt samhljóða.

##### 2.4. Kjör formanns og varaformanns hreppsráðs til eins árs.

Tillaga um að Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir verði formaður hreppsráðs 2010 – 2011

Samþykkt með fimm atkvæðum, tveir sitja hjá (ÞTJ, AMK).

Steindór Tómasson verði varaformaður 2010 – 2011.

Samþykkt með sex atkvæðum, einn situr hjá (ÞTJ).

##### 2.5. Kjör kjörstjórnar.

Tillaga um að eftirlidir skipi kjörstjórn.

Aðalmenn:

Valur Haraldsson, formaður, Heiðvangi 10, 850 Hellu.

Sigrún Sveinbjarnardóttir, Bogatúni 36, 850 Hellu.

Birkir Ármannsson, Brekku, 851 Hellu.

Samþykkt samhljóða.

Til vara:

Kristín Bragadóttir, Selalæk II, 851 Hellu.

Ólafur Helgason, Ártúni 2, 850 Hellu.

Bogi Thorarensen, Helluvaði, 851 Hellu.

Samþykkt samhljóða.

- 2.6. Kjör skoðunarmanna ársreikninga.  
Tillaga um að eftirladdir verði skipaðir skoðunarmenn ársreikninga;  
Aðalmenn:  
Halldóra Þorvarðardóttir, Fellsmúla, 851 Hellu.  
Knútur Scheving, Freyvangi 19, 850 Hellu.  
Samþykkt samhljóða.  
Til vara:  
Lúðvík Bergmann, Bakkakoti 1, 861 Hvolsvelli.  
Björgúlfur Þorvarðarson, Hrafnatóftum II, 851 Hellu.  
Samþykkt samhljóða.
3. **Fundartímar hreppsnefndar og hreppsráðs.**  
Tillaga um að fundartímar hreppsnefndar verði fyrsti fimmtudagur í mánuði klukkan 13:00 og að fundartímar hreppsráðs verði þriðji fimmtudagur í mánuði klukkan 16:00.  
Samþykkt samhljóða.
4. **Ráðning sveitarstjóra.**  
Lögð fram tillaga um að oddvita verði falið að auglýsa eftir umsóknum um starf sveitarstjóra kjörtímabilið 2010 – 2014.  
Samþykkt með sex atkvæðum, einn situr hjá (ÞTJ).  
Oddvita falið að ganga frá starfslokasamningi við sveitarstjóra með hliðsjón af ákvæðum í ráðningarsamningi hans. Sveitarstjóri mun sinna starfi sínu þarf til nýr sveitarstjóri verður ráðinn.  
Samþykkt samhljóða.
5. **Kjör nefnda, ráða og stjórna:**
- 5.1. Samráðsnefnd Rangárþings ytra og Ásahrepps (3 aðalmenn og 3 varamenn).
  - 5.2. Héraðsnefnd (3 aðalmenn og 3 varamenn).
  - 5.3. Atvinnu-, markaðs- og ferðamálanefnd (5 aðalmenn og 5 varamenn).
  - 5.4. Fræðslunefnd (5 aðalmenn og 5 varamenn).
  - 5.5. Skipulags og byggingarnefnd (3 aðalmenn og 3 varamenn).
  - 5.6. Félagsmála- og jafnréttisnefnd (2 aðalmenn og 2 varamenn).
  - 5.7. Samgöngu- hálendis og umhverfisnefnd (5 aðalmenn og 5 varamenn).
  - 5.8. Stjórn Lundar, hjúkrunar- og dvalarheimilis (3 aðalmenn og 3 varamenn).
  - 5.9. Barnaverndarnefnd (2 aðalmenn og 2 varamenn).
  - 5.10. Íþróttameningar- og tómstundarnefnd (5 aðalmenn og 5 varamenn).
  - 5.11. Fjallskilanefnd Landmannaafreittar (1 aðalmaður og 1 varamaður).
  - 5.12. Fjallskilanefnd Rangárvallasafreittar (1 aðalmaður og 1 varamaður).
  - 5.13. Búfjáreftirlitsnefnd Rangárvallasýslu (1 aðalmaður og 1 varamaður).
  - 5.14. Tilnefning fulltrúa Rangárþings ytra í stjórn Strandarvallar (1 aðalmaður og 1 varamaður).
- Ofangreind nefndarskipan er til kynningar fyrir sveitarstjórn. Fyrirvari er gerður um samþykki nágrennasveitarfélaganna, Rangárþings eystra, Ásahrepps, Mýrdalshrepps og Skaftárhrepps um nýja skipan Félags- og jafnréttisnefndar, og Ásahrepps og Rangárþings eystra um nýja skipan Skipulags- og byggingarnefndar.  
Með sameiningu nefnda og fækkun fulltrúa í einstaka nefndum er verið að hagræða og gera starf nefnda skilvirkara.  
Sveitarstjóra falið að láta vinna breytingar á samþykktum um stjórn og fundarsköp, þ.m.t. breytingar á nefndarskipan í samráði við varaoddvita, varaformann hreppsráðs og Guðmund Inga Gunnlaugsson, og kynna niðurstöður á næsta fundi hreppsnefndar sem ráðgerður er 28. júní nk. 13:00, til fyrri umræðu.  
Samþykkt samhljóða.
6. **Mötuneytismál Grunnskólans á Hellu, skipurit Grunnskólans á Hellu.**  
Oddvita falið að eiga fund með skólastjóra og fara yfir stöðu mötuneytis innan skólans og skila álit til hreppsnefndar.  
Samþykkt samhljóða.
7. **Virkjun Kerauga, staða mála.**  
Sveitarstjóri gerði grein fyrir stöðu mála. Unnið er að styrkingu vatnsöflunar og vatnsdreifingar á veitusvæði Vatnsveitu Rangárþings ytra og Ásahrepps og virkjun Kerauga. Að öðru leyti er vísað í fundargerðir vatnsveitunnar.  
Til kynningar.

- 8. Tryggingarmál stofnana sveitarfélagsins.**  
Sveitarstjóra falið að tilkynna tryggingarfélagi að ekki verði um sjálfkrafa framlengingu á tryggingum að ræða að loknum samningstíma, heldur verði óskað tilboða í tryggingar að þeim tíma loknum til að tryggja sem hagstæðust kjör hverju sinni.  
Samþykkt samhljóða.
- 9. Blátunnuvæðing Rangárbings ytra, með vísan í 13. lið 54. fundar hreppsnefndar.**  
Með blátunnuvæðingu er verið að koma á flokkun á pappír og pappa í sveitarfélaginu, en hlutfall pappírs er mjög stórt og til mikils að vinna að gera verðmæti úr honum. Varaoddvita falið að fara yfir framkvæmd málsins með sveitarstjóra.  
Samþykkt samhljóða.
- 10. Leiga á fundarsal sveitarfélagsins, með vísan á lið 13. á 58. fundi hreppsnefndar.**  
Sveitarstjóra falið að ræða við aðila um heppilegan tímapunkt að upphafi á leigu á núverandi fundarsal.  
Samþykkt samhljóða.
- 11. Heimasíða sveitarfélagsins, opin stjórnýsla.**  
Sveitarstjórn vill opna stjórnýsluna betur fyrir íbúum með því að efla heimasíðu sveitarfélagsins með því markmiði að auglýsa sveitarfélagið og gera upplýsingar um stjórnýsluna aðgengilegri fyrir íbúa. Sveitarstjórn mun kappkosta að upplýsa íbúa um það sem fram fer í stjórnýslunni svo sem lög leyfa, því upplýst umræða er forsenda þess að lýðræðið verði fullnýtt. Tillaga um að fela sveitarstjóra og oddvita að gera lýsingu á vinnu við heimasíðu sveitarfélagsins og leggja þær fram á næsta fundi.  
Samþykkt samhljóða.
- 12. Töðugjöld 2010, undirbúningur.**  
Tillaga um að halda Töðugjöld 13. og 14. ágúst nk. Margréti Ýrr og Önnu Maríu falið að vinna að undirbúningi töðugjalda 2010 og funda með tenglum litahverfa í öllu sveitarfélaginu. Tillögum skal skilað á næsta fundi sveitarstjórnar.  
Samþykkt samhljóða.
- 13. Suðurlandsvegur 1-3, staða mála.**  
Sveitarstjórn leggur áherslu á að opnuð verði Krónuverslun að Suðurlandsvegi 1 á Hellu, eins og samningur þess við Kaupás segir til um. Sveitarstjóra og oddvita falið að ræða við Kaupás um hvenær Krónuverslun verði opnuð á Hellu.  
Samþykkt samhljóða.  
Próstur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Suðurlandsvegar 1-3 ehf. gerði grein fyrir stöðu mála varðandi framkvæmdir og fjármögnun tengibyggingar. Fram kom að erfiðleikar eru varðandi fjármögnun á verkinu. Sveitarstjórn samþykkir að óska eftir hluthafafundi svo fljótt sem verða má. Sveitarstjórn samþykkir fyrir sitt leyti afbrigði frá samþykktum um fundarboðun. Fundarefni er kosning nýrrar stjórnar og fjármögnun verkefnisins.  
Sveitarstjórn samþykkir að kanna með hvaða hætti eðlilegast sé að standa að tilnefningu manna í stjórn félagsins og með afgreiðslu mála á milli sveitarfélagsins og Suðurlandsvegar 1-3 ehf. Kanna þarf með hæfi manna sem sitja í sveitarstjórn ef þeir sitja einnig í stjórn félagsins með hliðsjón af samþykktum félagsins og reglum sem gilda um einkahlutafélög. Oddvita, varaoddvita og sveitarstjóra falið að vinna að málinu og skila álitni á aukafundi sveitarstjórnar sem halda skal að loknum hluthafafundi.  
Samþykkt samhljóða.
- 14. Leikvellir í sveitarfélaginu, staða leikvalla og hugmyndir um framtíðarskipulag.**  
Tillaga að fela formanni hreppsráðs ásamt sveitarstjóra að kanna stöðu leikvallamála í sveitarfélaginu og gera tillögu um framtíðarskipulag leikvalla til að leggja fyrir sveitarstjórn.  
Samþykkt samhljóða.
- 15. Rangárbakkar ehf. og Rangárhöllin ehf., vegna Gaddstaðaflata.**  
Sveitarstjóra og varaformanni hreppsráðs falið að ræða við bréfitara um málefni Gaddstaðaflata.  
Samþykkt samhljóða.
- 16. Landsmót harmonikkuleikara á Hellu 2011.**  
Sveitarstjóra og varaformanni hreppsráðs falið að ræða við bréfitara og benda á þá góðu aðstöðu sem er að finna á Hellu og nágrenni fyrir ferðamenn.  
Samþykkt samhljóða.
- 17. Vinnuskólinn, vegna fjölda umsókna.**  
Fyrir liggur að fjöldi umsókna er meiri en gert var ráð fyrir. Í fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir niðurskurði til málaflöksins. Sveitarstjóra og formanni hreppsráðs falið að fara yfir stöðu mála og leggja fyrir sveitarstjórn.  
Samþykkt samhljóða.

**18. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til staðfestingar eða kynningar:**

- 18.1. Byggingar- og skipul.fulltr.embætti. Rangárþings bs., fundur 3. 6. 10, ársreikningur 2009 og tillaga að gjaldskrá. Fundargerðin og ársreikningar 2009 eru til kynningar.  
Gjaldskrá byggingar- og skipulagsfulltrúaembættis Rangárþings bs. er staðfest, með fyrirvara um staðfestingu sveitarstjórna annarra aðildarsveitarfélaga sem standa að embættinu. Hreppsnefnd beinir því til stjórnar að skoða hvort ekki sé eðlilegra að miða við breytingar á vísitölu neysluvöru.  
Samþykkt samhljóða.
- 18.2. Vatnsveita Rangárþings ytra og Ásahrepps, 16. fundur, 16. mars 2010.  
Til kynningar.
- 18.3. Vatnsveita Rangárþings ytra og Ásahrepps, 17. fundur 10. júní 2010, ásamt ársreikningi 2009.  
Til kynningar.
- 18.4. Suðurlandsvegur 1-3, II áfangi, 22. verkfundur, 18. maí 2010.  
Til kynningar.
- 18.5. Suðurlandsvegur 1-3, II áfangi, 23. verkfundur, 25. maí 2010.  
Til kynningar.
- 18.6. Suðurlandsvegur 1-3, II áfangi, 25. verkfundur, 8. júní 2010.  
Til kynningar.
- 18.7. Tónlistarskóli Rangæinga, 127. fundur 31. maí 2010.  
Til kynningar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:45.

# Hreppsnefnd Rangárþings ytra

## Fundargerð

### 2. fundur hreppsnefndar Rangárþings ytra - aukafundur, haldinn að Suðurlandsvegi 1, Hellu, laugardaginn 19. júní 2010, kl. 10.30.

Mætt voru: Guðfinna Þorvaldsdóttir, Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir, Magnús Jóhannsson, Steindór Tómasson, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Anna María Kristjánsdóttir, Katrín Sigurðardóttir. Einnig Indriði Indriðason fjármálastjóri og Örn Þórðarson sem ritaði fundargerð. Forföll boðaði Þorgils Torfi Jónsson.

Bent er á meirihluti sveitarstjórnarmanna á fundinum eru konur, en fundurinn ber upp á kvenréttindadaginn.

Tillaga um að bæta við lið 4. Samþykkt samhljóða

#### 1. Suðurlandsvegur 1-3 ehf.:

##### 1.1. Hæfi sveitarstjórnarmanna að sitja í stjórn einkahlutafélagsins Suðurlandsvegur 1-3 ehf.

Lagt fram álit Sesselju Árnadóttur lögmanns KPMG, á hæfi sveitarstjórnarmanna á setu í stjórnnum einkahlutafélaga. Álitid sem hér segir:

*„Aflað hefur verið upplýsinga um að engin lagaákvæði standi í vegi fyrir því að sveitarstjórnarmenn geti setið í stjórn einkahlutafélagsins. Á hinn bóginn getur sú staða haft þau áhrif að viðkomandi sveitarstjórnarmenn þurfi að vika sæti við afgreiðslu mála í sveitarstjórn sem varða einkahlutafélagið sérstaklega, sbr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga og ákvæði laga um einkahlutafélög nr. 138/1994 varðandi skyldur stjórnarmanna.“*

Til kynningar.

##### 1.2. Tilnefning umboðsmanns með atkvæðarétt á hluthafafundi.

Tillaga um að Guðfinna Þorvaldsdóttir oddviti fari með atkvæði sveitarfélagsins á hluthafafundi Suðurlandsvegur 1-3 ehf. á mánudaginn 21 júní 2010.

Samþykkt samhljóða.

##### 1.3. Tilnefning í stjórn á hlutafélagi.

Tillaga um að eftirtaldir aðilar verði tilnefndir á næsta hluthafafundi, sem fulltrúar sveitarfélagsins í stjórn Suðurlandsvegur 1-3 ehf.:

Bjarni Jónsson, kt: 300952-3649.

Samþykkt samhljóða.

Indriði Indriðason, kt. 180465-4489.

Samþykkt samhljóða.

Þorgils Torfi Jónsson, kt. 100756-3749.

Samþykkt með sex atkvæðum, einn situr hjá (MÝS).

Til vara:

Kjartan Magnússon, kt:271153-5709.

Samþykkt samhljóða

Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, kt: 150677-5809.

Samþykkt samhljóða

Sigurbjartur Pálsson, kt: 270360-2899.

Samþykkt samhljóða

##### 1.4. Stjórn Suðurlandsvegur 1-3 ehf.

Núverandi stjórn Suðurlandsvegur 1-3 ehf. er skipuð eftirtöldum aðilum:

Þorgils Torfi Jónsson, formaður stjórnar, Sigurbjartur Pálsson, Örn Þórðarson, Már Guðnason og Þróstur Sigurðsson.

Til kynningar.

##### 1.5. Bréf frá framkvæmda stjóra Suðurlandsvegur 1-3 ehf., dags. 14 jún. 2010.

Framkvæmdarstjóri lýsir erfiðleikum við lokafjármögnun uppá samtals 110 millj. kr. vegna verksamninga í áfanga I og II. Um er að ræða u.þ.b. 40 millj. kr. sem þarf að greiða í júní og 70 millj.kr. í júlí. Fram kemur hjá bréfitara sundurliðun á framlögum Rangárþings ytra frá árinu 2006 til og með 2010, sé 168.128,525 kr.

Til kynningar.

##### 1.6. Svarbréf fjármálastjóra dags.15 júní 2010.við fyrirspurn Oddvita.

Fyrirspurn oddvita til fjármálastjóra er sem hér segir:

„Álit frá fjármálastjóra um hvort að sveitarfélagið getur ef til þess kemur, lánað félaginu þessar 40mkr. án þess að það skerði greiðslugetu sveitarfélagsins núna varðandi lögbundnar greiðslur og vegna fjármögnun ársins 2010.

Útdráttur úr efnislegum forsendum svars fjármálastjóra:

*Álit fjármálastjóra byggist á staðreyndum sem koma fram í ársreikningum og fjárhagsáætlun sveitarfélagsins. sem og þeirri staðreynd að sveitarfélagið hefur nú þegar sett 160.346,102 kr. í félagið Suðurlandsvegur 1-3 ehf., að auki á sveitarfélagið ógreidda kröfu vegna gatnagerðargjalda að upphæð 7.782,423 kr. Bréfritari kveðst ekki hafa séð neina samþykktárekstraráætlun, ársreikninga, eða samninga sem geta skapað félaginu Suðurlandsvegur 1-3 tekjur.*

Álit fjármálastjóra:

*„Rekstrarniðurstaða ársins 2009, ábendingar endurskoðenda, niðurstaða fjárhagsáætlunar og óvissa um rekstrarhæfi Suðurlandsvegur 1-3 ehf. liggur fyrir. Í ljósi ofangreindra upplýsinga sem undirritaður hefur tel ég að lánaviðskipti á milli Rangárþings ytra og Suðurlandsvegur 1-3 vera háð svo mikilli óvissu að slíkt gæti skaðað greiðslugetu sveitarfélagsins verulega.*

*Mikil óvissa er á lánamörkuðum og erfitt getur verið að fjármagna þær framkvæmdir sem eru í gangi hjá sveitarfélaginu því tel ég óeðlilegt að vera nota lánheimildir sveitarfélagsins til endurlána til fyrirtækis með litlar sem engar tryggingar um endurgreiðslu.“*

*Indriði Indriðason, fjármálastjóri Rangárþings ytra.*

Til kynningar.

Samkvæmt tölvupósti frá Presti Sigurðssyni framkvæmdarstjóra Lífeyrissjóðs Rangæinga, dags 18 júní 2010. Þá hefur Lífeyrissjóður Rangæinga tekið jákvætt í erindi þess efnis að koma að ákveðinni skammtíma fjármögnun við Suðurlandsvega 1-3 ehf. Gert er ráð fyrir að skjöl þess efnis verði tilbúinn til undirritunar á hluthafafundi félagsins n.k mánudag.

Til kynningar.

## 2. Hlutfjárframlag vegna Suðurlandsvegur 1-3 ehf., sbr. 4. liður 58 fundur hreppsnefndar frá 26.maí s.l.:

Fengið hefur verið álit lögmanns á samþykkt sveitarstjórnar á ofangreindum lið en álitíð er sem hér segir:

*„Á fundi sveitarstjórnar 26. maí sl. var samþykkt tillaga um að auka hlutfé sveitarfélagsins í Suðurlandsvegi 1-3 ehf. í 120 milljónir króna. Eftir nánari skoðun hefur komið í ljós að lög um einkahlutfélög heimila ekki að einn hluthafi ákveði einhliða að auka hlutfé. Ákvörðun verður fyrst að taka á hluthafafundi um aukningu hlutfjár og í framhaldinu gilda ákveðnar reglur um áskrift að slíku hlutfé. Jafnframt liggur fyrir lagalegur vafi um að rétt hafi verið staðið að þessari ákvörðun vegna reglna 19. gr. sveitarstjórnarlaga um hæfi sveitarstjórnarmanna.“*

Með vísan til þessa samþykkir sveitarstjórn að fella úr gildi framangreinda ákvörðun frá 26. maí sl. Ný ákvörðun sveitarstjórnar um aukningu á hlutfé í Suðurlandsvegi 1–3 ehf. mun verða tekin eftir að fjallað hefur verið um málið með lögformlegum hætti á hluthafafundi og af stjórn einkahlutfélagsins.

Samþykkt með fjórum atkvæðum, þrjú sitja hjá (GIG, AMK, KS)

## 3. Airpark á Hellu.

Lagt fram erindi varðandi hugmyndir um Airpark, íbúðabyggða flugmanna á Öldum

*Efni: hugmyndir um Airpark – íbúðabyggð flugmanna á Öldum*

*Í bréfinu reifar bréfritari hugmyndir að bregðast við hruni í byggingargeira með því að finna lóðum á Öldum nýtt hlutverk. Bréfritari nefnir máli sínu til stuðnings hafi komið fram hjá nýrri borgarstjórn að Reykjavíkurlugvöllur skyldi vikja og að fjölskyldur hafi komið sér upp fristundarhúsum í dreifbýlinu.*

Sveitarstjórn þakkar bréfritara erindið. Tillaga um að fela sveitarstjóra og Ólafi Elvari Júlíussyni að koma á fundi með bréfritara.

Samþykkt samhljóða.

## 4. Áhrif dóma hæstaréttar nr. 92 og 153 2010 á rekstur sveitarfélagsins.:

Með vísan í ofangreinda dóma þá samþykkir sveitarstjórn að fela sveitarstjóra að gera yfirlit yfir alla rekstrar-, kaupleigu- og lánasamninga, sem gerðir hafa verið á undanförmum árum og eru tengdir gengisviðmiði og kynna þá fyrir sveitarstjórn. Sveitarstjóra er falið að kanna lagalegar hliðar á greiðslum umræddra lána í ljósi niðurstöðu hæstaréttar.

Samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert fundi slitið kl 11:30.

# Hreppsnefnd Rangárþings ytra

## Fundargerð

### 3. fundur hreppsnefndar Rangárþings ytra kjörtímabilið 2010 – 2014, haldinn að Suðurlandsvegi 1, Hellu, mánudaginn 28. júní 2010, kl. 13:00.

Mætt voru: Guðfinna Þorvaldsdóttir, Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir, Magnús Jóhannsson, Steindór Tómasson, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Þorgils Torfi Jónsson og Anna María Kristjánsdóttir. Einnig Indriði Indriðason og Örn Þórðarson sem ritaði fundargerð. Katrín Sigurðardóttir tók sæti Þorgils Torfi Jónssonar frá og með lið 21.

Tillaga um að við bætist liður nr. 26. Orlof sveitarstjórnar og umboð hreppsráðs til fullnaðarafgreiðslu mála.  
Samþykkt samhljóða.

#### 1. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til staðfestingar eða kynningar:

- 1.1. Vatnsveita Rangárþings ytra og Ásahrepps, 16. fundur, 16. mars 2010.  
Gjaldskrárbreyting, sbr. 2. lið, er staðfest.  
Samþykkt samhljóða.
- 1.2. Barnaverndarnefnd Rangárvalla- og V.Skaftafellssýslu, 98. fundur, 28. maí 2010.  
Til kynningar.
- 1.3. Barnaverndarnefnd Rangárvalla- og V.Skaftafellssýslu, 99. fundur, 15. júní 2010.  
Til kynningar.
- 1.4. Félagsmálanefnd, 30. fundur, 23. júní 2010.  
Til kynningar.
- 1.5. Öldur III, 22. verkfundur, 8. júní 2010.  
Til kynningar.
- 1.6. Suðurlandsvegur 1-3 ehf., fundur 27. janúar 2010.  
Til kynningar.
- 1.7. Suðurlandsvegur 1-3 ehf., fundur 19. maí 2010.  
Til kynningar.
- 1.8. Suðurlandsvegur 1-3 ehf., fundur 21. júní 2010.  
Til kynningar.
- 1.9. Málefni Gaddstaðafлата, fundur 16. júní 2010.  
Sveitarstjóra, Steindóri Tómassyni og Þorgils Torfa Jónssyni falið að ræða við nágrannasveitarfélögin um framtíðarmálefni Rangárbakka ehf. og Rangárhallarinnar ehf.  
Samþykkt samhljóða.
- 1.10. Vinnumarkaðsráð Suðurlands, 17. fundur, 11. júní 2010.  
Til kynningar.

#### 2. Umsagnir vegna leyfisveitinga, sýslumaður Hvolsvelli:

- 2.1. Galtalækjarskógur, tónleikar/útihátíð, tækifærisleyfi með áfengisveitingum.  
Sveitarstjóra falið að afla nánari upplýsinga varðandi fyrirhugaða áfengissölu í Galtalækjarskógi.  
Afgreiðslu frestað.

#### 3. Samþykktir um stjórn og fundarskóp, fyrri umræða.

Lögð fram drög að breyttum samþykktum um stjórn og fundarskóp. Afgreiðslu vísað til síðari umræðu.  
Samþykkt samhljóða.

#### 4. Kjör nefnda, ráða og stjórna:

- 4.1. Samráðsnefnd Rangárþings ytra og Ásahrepps (3 aðalmenn og 3 varamenn).  
Oddvita falið að boða til sameiginlegs fundar, með sveitarstjórn Ásahrepps, í samráði við oddvita Ásahrepps.  
Samþykkt samhljóða.
- 4.2. Héraðsnefnd (3 aðalmenn og 3 varamenn).  
Tillaga um að skipa sem aðalmenn Guðfinnu Þorvaldsdóttur, Steindór Tómasson og Þorgils Torfa Jónsson og til vara Margréti Ýrr Sigurgeirsdóttur, Magnús H. Jóhannsson og Guðmund Inga Gunnlaugsson.  
Samþykkt samhljóða.
- 4.3. Atvinnu- og menningarmálanefnd (5 aðalmenn og 5 varamenn).  
Tillaga um að skipa sem aðalmenn Gunnar Aron Ólason, Tómas Þorgilsson, Nínu Maríu Morávek, Katrínu Sigurðardóttur og Ómar Diðriksson og til vara Ingva Harðarson, Jóhann Björnsson, Guðrínu Dröfn Ragnarsdóttur, Guðmund Gunnar Guðmundsson og Sigríði Theódóru Kristinsdóttur.  
Samþykkt samhljóða.
- 4.4. Fræðslunefnd / skólanefnd(5 aðalmenn og 5 varamenn).

Tillaga um að skipa sem aðalmenn Magnús H. Jóhannsson, Margréti Hörpu Guðsteinsdóttur, Jónellu Sigurjónsdóttur, Valgerði K. Brynjólfsdóttur og Írisi B. Sigurðardóttur og til vara Pálma Sævar Þórðarson, Hjördísi Rut Albertsdóttur, Arndísi Fannberg, Önnu Maríu Kristjánsdóttur og Ómar Diðriksson.

Samþykkt samhljóða.

4.5. Skipulags og byggingarnefnd (3 aðalmenn og 3 varamenn).

Tillaga um að skipa í byggingarnefnd sem aðalmenn þá Valmund Gíslason, Þorkel Guðnason og Guðmund Inga Gunnlaugsson og til vara Sigfús Davíðsson, Stein Másson og Þorgils Torfa Jónsson.

Tillaga um að skipa oddvita í skipulagsnefnd og til vara varaoddvita. Stefnt er að sameiningu nefndanna í eina nefnd; skipulags- og byggingarnefnd, í samvinnu við nágrannasveitarfélögin.

Samþykkt samhljóða.

4.6. Félagsmála- og jafnréttisnefnd (2 aðalmenn og 2 varamenn).

Tillaga um að skipa sem aðalmenn Hafdísí Garðarsdóttur og Lovísu Björk Sigurðardóttur og til vara Guðmund Ómar Helgason og Katrínu Sigurðardóttur. Fyrirvari er gerður á að ekki er búið að ganga frá breytingu á samþykktum varðandi nefndina.

Samþykkt samhljóða.

4.7. Samgöngu- hálandis og umhverfisnefnd (5 aðalmenn og 5 varamenn).

Tillaga um að skipa sem aðalmenn Sigurgeir Guðmundsson, Þróst Guðnason, Anne Bau, Ingvar Pétur Guðbjörnsson og Önnu Maríu Kristjánsdóttur og til vara Jóhann Björnsson, Svan Lárusson, Margréti Eggertsdóttur, Bæring Guðmundsson og Katrínu Sigurðardóttur.

Samþykkt samhljóða.

4.8. Stjórn Lundar, hjúkrunar- og dvalarheimilis (3 aðalmenn og 3 varamenn).

Tillaga um að skipa sem aðalmenn Drífu Hjartardóttur, Kjartan Magnússon, Önnu Maríu Kristjánsdóttur og til vara Margréti Hörpu Guðsteinsdóttur Magnús H. Jóhannsson og Guðmund Inga Gunnlaugsson.

Samþykkt samhljóða.

4.9. Barnaverndarnefnd (2 aðalmenn og 2 varamenn).

Tillaga um að skipa sem aðalmenn Særúnu Sæmundsdóttur, Sigrúnu Ólafsdóttur og til vara Þórdísi Ingólfsdóttur og Önnu Maríu Kristjánsdóttur.

Samþykkt samhljóða.

4.10. Íþrótt- og tómstundanefnd (5 aðalmenn og 5 varamenn).

Tillaga um að skipa sem aðalmenn Guðna Sighvatsson, Guðjón Gestsson, Ingibjörgu Þóru Heiðarsdóttur, Bæring Guðmundsson og Guðmund Gunnar Guðmundsson og til vara Marý Lindu Jóhannsdóttur, Ínu Karen Markúsdóttur, Önnu Björg Stefánsdóttur, Ómar Diðriksson og Sigríði Theódóru Kristinsdóttur.

Samþykkt samhljóða.

4.11. Fjallskilanefnd Landmannafréttar (1 aðalmaður og 1 varamaður).

Tillaga um að skipa sem aðalmann Kristinn Guðnason og til vara Jón Gunnar Benediktsson.

Samþykkt samhljóða.

4.12. Fjallskilanefnd Rangárvallafréttar (1 aðalmaður og 1 varamaður).

Tillaga um að skipa sem aðalmann Ingimar Grétar Ísleifsson og til vara Stein Másson.

Samþykkt samhljóða.

4.13. Búfjárefirlitsnefnd Rangárvallasýslu (1 aðalmaður og 1 varamaður).

Tillaga um að skipa sem aðalmann Erlend Ingvarsson og til vara Kjartan Magnússon.

Samþykkt samhljóða.

5. Laun sveitarstjórnar og nefnda.

Lagt fram yfirlit yfir greiðslur vegna trúnaðarstarfa á vegum sveitarfélagsins.

Til kynningar.

6. Starfslok sveitarstjóra.

Lögð fram drög að samkomulagi vegna starfsloka sveitarstjóra. Tillaga um að staðfesta framlögð drög.

Samþykkt samhljóða.

7. Trúnaðarmál.

8. Töðugjöld 2010, undirbúningur.

Lagt fram erindi frá áhugahópi um Töðugjöld á Hellu, þar sem óskað er eftir styrk til skipulagningar og framkvæmdar Töðugjalda, að upphæð kr. 500.000,-.

Samþykkt samhljóða.

Margét Ýrr vék af fundi vegna vanhæfis undir afgreiðslu 8. liðar.

9. Vinnuskólinn, vegna fjölda umsókna.

Tillaga um að auka framlag til vinnuskólans um kr. 1.800.000,- og vísa kostnaði til endurskoðunar fjárhagsáætlunar.

Samþykkt samhljóða.

10. Rekstrar-, kaupleigu- og lánasamningar, yfirlit.

Fjármálastjóri lagði yfirlit yfir rekstrar-, kaupleigu- og lánasamninga fram við lögmannsstofuna Lex, til frekari vinnslu, með vísan í 4. lið 2. fundar hreppsnefndar.



Til kynningar.

**11. Leikskólinn Heklukot, Gljábær Þykkvabæ.**

Lagt fram bréf frá leikskólastjóra um stöðu Gljábæjar, þar sem lýst er áhyggjum af fækkun barna á deildinni. Sveitarstjóra, Magnúsi H. Jóhannssyni og Önnu Maríu Kristjánsdóttur falið að skoða málið betur með leikskólastjóra og skila álit á næsta hreppsnefndarfundum.

Samþykkt samhljóða.

**12. Sorpbrennsla, styrking hitaveitu.**

Lagt fram bréf frá Orkuveitu Reykjavíkur, varðandi hagkvæmni sorporkuvers í Rangárfingi. Erindinu vísað til stjórnar Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs.

Samþykkt samhljóða.

**13. Tónkjallarinn, samstarf.**

Lagt fram erindi frá Tónkjallaranum, um samstarf varðandi tónlistarkennslu. Tillaga um að vísa erindinu til fræðslunefndar til að móta stefnu varðandi samstarf um tónlistarkennslu og kostnaðarþátttöku í tónlistar námi í öðrum skólum en Tónlistarskóla Rangæinga.

Samþykkt samhljóða.

**14. Nýting Geldingalækjar fyrir afréttarfé.**

Lagt fram erindi frá Landgræðslu ríkisins varðandi nýtingu Geldingalækjar fyrir afréttarfé. Sveitarstjóra og fjallskilanevnd Rangárvallaafreittar falið að ræða við forsvarsmenn Landgræðslunnar varðandi beitarmál. Sveitarstjórn áréttar að ekki standi til að hætta upprekstri á Rangárvallaafreitti, enda brýnt að viðhalda nýtingarrétti á afréttinum.

Samþykkt samhljóða.

**15. NASDAQ OMX Iceland, áminning.**

Lagt fram bréf frá Kauphöllinni, varðandi áminningu vegna brota á reglum um birtingar ársreikninga, þar sem segir að ársreikningar skulu birtir fyrir lok apríl. Rangárfing ytra mun í framtíðinni kappkosta að skila ársreikningi á réttum tíma.

Samþykkt samhljóða.

**16. Upplýsingamiðstöð í Rangárfingi ytra.**

Lagt fram erindi frá stjórn Handverkshússins Heklu um upplýsingamiðstöð. Samþykkt að veita styrk að upphæð kr. 200.000,- til handverkshússins, gegn því að þar verði veittar upplýsingar til ferðamanna í sumar 2010. Atvinnu- og menningarmálanefnd falið að móta stefnu í málaflokknum í samráði við hagsmunaaðila og skila tillögum til sveitarstjórnar í október nk.

Samþykkt samhljóða.

**17. Garpur íþróttafélag, endurnýjun samnings.**

Lagt fram erindi frá Garpi um samstarfssamning vegna æskulýðs- og íþróttastarfs. Tillaga um að vísa erindinu til íþrótt- og tómstundanevndar til umsagnar.

Samþykkt samhljóða.

**18. Hellubío, menningarhús.**

Lagt fram erindi frá eigendum Hellubíós um rekstur menningarhúss. Sveitarstjóra falið að kalla bréfitara á fund varðandi erindið með atvinnu- og menningarmálanefnd.

Samþykkt samhljóða.

**19. Sorphirðugjald Þrúðvangi 33, Hellu.**

Lagt fram erindi varðandi sorphirðugjald á Skólabrú ehf. Sveitarstjóra falið að láta kanna lagalegar forsendur sorphirðugjalda á Þrúðvangi 33 á Hellu. Afgreiðslu frestað til næsta fundar.

Til kynningar.

Porgils Torfi Jónsson vék af fundi og Katrín Sigurðardóttir tók sæti hans.

**20. Rannsóknaboranir Vatnafjöllum.**

Til kynningar.

Tillaga um að ræða lið 21. fyrir luktum dyrum. Samþykkt samhljóða. Fundi lokað.

**21. Embætti íþrótt- og æskulýðsfulltrúa, yfirlit kostnaðar.**

Lagt fram yfirlit yfir kostnað vegna reksturs embættis íþrótt- og æskulýðsfulltrúa. Fyrir liggur að kostnaður er kominn fram úr heimildum fjárhagsáætlunar 2010.

Tillaga um að fela sveitarstjóra að ganga frá starfslokum við íþrótt- og æskulýðsfulltrúa vegna fyrirhugaðra skipulagsbreytinga.

Samþykkt með fjórum greiddum atkvæðum, þrjár sitja hjá (GIG, AMK, KS).

*Bókun Steindórs Tómassonar, varðandi stöðu íþrótt- og æskulýðsfulltrúa.*

*Allt skipulag, í kringum stöðu íþrótt- og æskulýðsfulltrúa ber vott um að stefna sveitarfélagsins hingað til hefur ekki verið skýr varðandi málaflokkinn og hefur til að mynda launakostnaður farið langt framúr hugmyndum sveitarstjórnar þegar lagt var upp með starfið í byrjun.*

*Þess vegna styð ég framkomna tillögu og það að endurskoða alla starfsemi varðandi skipulag á íþrótt- og tómstundarstarfi og markaðssetningu á íþróttamannvirkjum og móta stöðuna á þeim grundvelli.*

*Steindór Tómasson*

**GIG gerir grein fyrir hjásetu sinni;**

*Afgreiðsla þessa liðar er að koma fram á þessum fundi án undangenginna kynningar á forsendum.  
Guðmundur Ingi Gunnlaugsson.*

**Bókun/greinargerð A-lista:**

*Í ljósi þess að fjárhagsstaða sveitarfélagsins er erfið og ekki var gert ráð fyrir fjármagni til embættisins í fjárhagsáætlun 2010, þá sjáum við okkur ekki annað fært en að afgreiða málið með þessum hætti.*

*Guðfinna Þorvaldsdóttir, Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir, Magnús H. Jóhannsson, Steindór Tómasson.*

Íþrótt- og tómstundanefnd falið að gera tillögur varðandi framtíðarskipan málaflöksins í heild og skila inn tillögum til hreppsnefndar eigi síðar en í ágúst 2010.

Samþykkt samhljóða.

Fundur opnaður að nýju.

**22. Launagreiðslur og – áætlanir, staðgreiðslu- og sjóðsstreymisyfirlit .**

Lagt fram yfirlit yfir launagreiðslur og launaáætlun fyrir maímánuð. Um er að ræða leiðrétt yfirlit frá 10. júní 2010. Einnig staðgreiðsluyfirlit. Fram kemur að yfirlit eru í góðu samræmi við áætlanir. Ennfremur lagt fram sjóðsstreymisyfirlit fyrstu 6 mánuði ársins.

Til kynningar.

**23. Námskeið um fundarskóp, tillaga D-lista.**

Tillaga um að fela sveitarstjóra að undirbúa námskeið um fundarskóp fyrir sveitarstjórnarmenn.

Samþykkt samhljóða.

**24. Sérstök skoðun á íbúðarhúsnæði og samræming á leigu, tillaga D-lista.**

Lögð fram tillaga D-lista um sérstaka skoðun á íbúðarhúsnæði að Giljatanga og á Laugalandi og samræming á leigu íbúðarhúsnæði sveitarfélagsins. Fyrir liggur afgreiðsla sveitarstjórnar frá 56. fundi, sbr. 4. lið, þar sem þeim tilmælum var beint til stjórnar Húsakynna bs. að kanna hvort skipta megi einhverjum umræddra fasteigna í hentugri stærðir til að ná þannig niður húsaleigu. Tillögu D-lista vísað til stjórnar Húsakynna bs. Sveitarstjóra, Magnúsi H. Jóhannssyni og Guðmundi Inga Gunnlaugssyni, falið að móta tillögur um málið.

Samþykkt samhljóða.

**25. Hlutfjárframlag til Suðurlandsvegar 1-3 ehf., tillaga D-lista.**

Lögð fram tillaga D-lista um hlutfjárframlag, kr. 119.750.000,- til Suðurlandsvegar 1-3 ehf.

*Tillaga frá D-lista um hlutfjárframlag til einkahlutafélagsins Suðurlandsvegur 1 - 3 ehf., lögð fram á fundi hreppsnefndar Rangárþings ytra, þ. 28. júní 2010:*

*Lagt er til að Rangárþing ytra skrái sig fyrir nýju hlutfé í einkahlutafélaginu Suðurlandsvegi 1 - 3 ehf. að fjárhæð kr. 119.750.000 -eitthundraðogtjánmilljónir sjöhundruðogfimmítíu-þúsundkrónur- Þetta hlutfjárframlag bætist við fyrra hlutfjárframlag að fjárhæð kr. 250.000 -tvöhundruðogfimmítíuþúsundkrónur- þannig að heildarhlutfé Rangárþings ytra í Suðurlandsvegi 1 - 3 ehf. eftir þessa viðbót verði kr. 120.000.000 -eitthundraðogtuttugu-milljónirkróna-.*

*Að auki er lagt til að framlag frá ríkissjóði vegna Heilsugæslu Rangárþings að fjárhæð kr. 10.000.000 - tíumilljónirkróna- sem greiðist til Rangárþings ytra, verði einnig lagt fram sem nýtt hlutfjárframlag í Suðurlandsvegi 1 - 3 ehf. Með þessu viðbótarframlagi verði heildarhlutfélagið Rangárþings ytra kr. 130.000.000 -eitthundraðogþrjátíumilljónirkróna-*

*Að svo miklu leyti sem unnt er, skuldajafnist hlutfjárframlagið á móti skuld Suðurlandsvegar 1 - 3 ehf. við Rangárþing ytra.*

*Greinargerð:*

*Nokkrum erfiðleikum hefur verið bundið að fjármagna nýbyggingu á vegum einka-hlutfélagsins Suðurlandsvegar 1 - 3 ehf. Banki hefur ekki treyst sér til þess að ljúka fjármögnun allrar framkvæmdarinnar þangað til leigusamningar liggja fyrir um stærri hluta byggingarinnar en nú er. Einkahlutafélagið er nú í helmings eigu Rangárþings ytra og Verkalýðshússins á Hellu. Fram er komið að fyrra hlutfjárloforð Rangárþings ytra frá 26. maí 2010 var afturkallað af nýrri hreppsnefnd á fundi hennar þ. 19. júní 2010 vegna formgalla að mati fulltrúa Á-listans. Þessum formgalla hefur nú verið rutt úr vegi með samþykkt hluthafafundar frá 21. júní 2010 um hækkun hlutfjár félagsins í allt að 200.000.000 -tvöhundruðmilljónirkróna- Afar áriðandi er að eyða óvissu um greiðslur til verktaka svo verkið stöðvist ekki í heild með tilheyrandi tjóni fyrir verkkaupann, Suðurlandsveg 1 - 3 ehf. Það eru hagsmunir sveitarfélagsins að ekki hljóttist af óþarfa kostnaður vegna tafa eða annarra vandæða við fjármögnun verksins. Það þolir ekki bið að festa komist í fjármögnunarþáttinn. Liður í því er að Rangárþing ytra og aðrir hluthafar komi inn með sin hlutfjárloforð og sýni með því að hluthafarnir hafi fulla tiltrú til framkvæmdarinnar. Traust fjármálastofnana til félagsins ræðst m.a. af því hversu þétt hluthafar standa með félaginu í fjármögnun framkvæmda og öðru.*

*Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Þorgils Torfi Jónsson, Anna María Kristjánsdóttir*

**Bókun D-lista:**

*D-listinn áreitar vegna orða um ábyrga fjármálastjórnun að tillaga um auknið hlutfé er til komin vegna þess að lánsfé fékkst ekki og hætta var á að framkvæmdir við tengibyggingu milli Suðurlandsvegar 1-3 ehf. stöðvuðust. Hefðu framkvæmdir stöðvast vegna fjárskorts hefði það valdið umtalsverðu tjóni fyrir eignaraðila.*

*Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Anna María Kristjánsdóttir, Katrín Sigurðardóttir.*

**Tillaga Á-listans um frestun á afgreiðslu á tillögu D-lista:**

- 1. Í stað þess að sveitarstjórn taki ákvörðun um aukin hlutfjárkaup í Suðurlandsvegi 1-3, telur Á-listinn að best sé í stöðunni að óska eftir fundi með stjórn félagsins og sveitarstjórn til að ræða fjármögnun byggingaframkvæmda við Suðurlandsveg 1-3 og ákvörðun um aukin hlutfjárkaup verði frestað.*
- 2. Markmið með fundinum væri að fá yfirsýn yfir þau mál er snúa að framkvæmdunum og sýna vilja meirihluta sveitarstjórnar til áframhaldandi góðrar samvinnu um verkefnið.*
- 3. Sveitarfélagið hefur lagt fram rúmar 160 m.kr. í reiðufé til félagsins vegna byggingarinnar 29. maí 2010. Þegar liðið er til gagnagerðagjalda er upphæðin um 168 m.kr.*

4. Á-listinn leggur alla áherslu á að verja hagsmuni sveitarfélagsins er varðar það fjármagn sem sveitarfélagið hefur þegar lagt í bygginguna og einnig að koma húsnæðinu sem fyrst í notkun.
5. Á-listinn telur að best sé að láta reyna fyrst á allar leiðir til að koma húsnæðinu í útleigu og/eda sötu áður en ákveðið er að skuldajafna á móti í hlutafé og sé það markvissari leið en að ákveða nú þegar að kaupa hlutafé umfram fjárhagsáætlun sveitarfélagsins. Sérstaklega í ljósi þess að ekki er fullkannað að okkar mati með fjármögnun félagsins og því ekki hægt að ákveða á þessari stundu hver fjárförfin er varðandi hlutafé.
6. Á-listinn vill beina því til stjórnar félagsins að fá Fannberg á Hellu til að auglýsa eftir leigjendum og verðmeta húsnæðið. Það hefur ekki verið auglýst hvorki til leigu eða sölu á almennum markaði. Samkvæmt bókun sveitarstjórnar var það samt tilgangur sveitarfélagsins að selja það húsnæði sem sveitarfélagið þyrfti ekki fyrir sína kjarnastarfsemi. Vísad er til bókunar sveitarstjórnar í 26. fundargerð 15. maí, 2008: "Sveitarstjórn vill áréttu að það er ekki markmið sveitarfélagsins að eiga og reka fasteignir sem standa utan kjarnastarfsemi, því er stefnt að sölu á eignarhlut sveitarfélagsins".
7. Þegar fullreynt er varðandi fjármögnun hjá félaginu er varðar lán vegna leigusamninga, sölu á húsnæðinu o.fl., þá verði tekin ákvörðun um aukid hlutafjárkaup og endurgreiðslur/lán með tilliti til meðeiganda félagsins og hlutaðeigandi aðila.

Guðfinna Þorvaldsdóttir, Margrét Ýr Stigurgeirsdóttir, Magnús H. Jóhannsson, Steindór Tómasson.

Tillaga Á-lista um að fresta afgreiðslu tillögu D-lista um aukin hlutafjárkaup.

Samþykkt samhljóða.

Sveitarstjórn lýsir ánægju sinni með að framkvæmdir við tengibyggingu gangi samkvæmt áætlun og óvissu um fjármögnun hafi verið eytt.

## 26. Orlof sveitarstjórnar og umboð hreppsráðs til fullnaðarafgreiðslu mála.

Tillaga um að hreppsnefnd geri hlé á reglulegum fundum á tímabilinu frá 1. júlí til 15. ágúst. Jafnframt er lagt til að hreppsráð fái umboð til fullnaðarafgreiðslu mála á meðan hreppsnefnd er í fundarhléi.

Samþykkt samhljóða.

## F. Fundarboð, ráðstefnur, námskeið, þjónusta og umsóknir um styrki:

F.1. Sumar-gleði-markaður á Hellu, styrkumsókn.

Tillaga um að veita styrk að upphæð kr. 100.000,-.

Samþykkt samhljóða.

F.2. Thailensk Íslenska félagið, útihátíð á Hellu.

Sveitarstjóra falið að ræða við bréfitara um útfærslu útihátíðarinnar.

Samþykkt samhljóða.

F.3. Styrktarfélag Krabbameinssjúkra barna, styrkbeiðni.

Sveitarstjórn samþykkir að veita styrk að móti kostnaði vegna inntaksgjalda við sumarhús í landi Ketilstaða.

Samþykkt samhljóða.

F.4. Eyjasýn, blað vegna opunar Landeyjahafnar.

Sveitarstjórn samþykkir að auglýsa þjónustu sveitarfélagsins í umræddu blaði. Sveitarstjóra og Katrínu Sigurðardóttur falið að útfæra auglýsinguna.

Samþykkt samhljóða.

F.5. Hellnahellar, frágangur.

Sveitarstjóra falið að kalla eftir nánari upplýsingum um stöðu verkefnisins. Afgreiðslu frestað.

Samþykkt samhljóða.

F.6. Harmonikkumót á Hellu.

Tillaga um að fela sveitarstjóra, Guðfinnu Þorvaldsdóttur og Önnu Maríu Kristjánsdóttur að ræða við bréfitara.

Samþykkt samhljóða.

F.7. Þjónustusvæði vegna málefna fatlaðra, fundarboð.

Til kynningar.

## G. Annað efni til kynningar:

G.1. Ásahreppur, kjör í sameiginlegar nefndir, stjórnir og ráð.

G.2. Félag leikskólakennara, Undanþágunefnd grunnskóla, vegna ráðninga.

G.3. Velferðarvaktin, aðstæður barna og ungmenna.

G.4. Jafnréttisstofa, skyldur sveitarfélaga.

G.5. Landgræðslan, ársskýrsla 2009.

G.6. Hættumat í kjölfar eldgoss í Eyjafjallajökli.

G.7. Vaxtarsamningur Suðurlands, styrkúthlutun.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:15.

# Hreppsnefnd Rangárþings ytra

## Fundargerð

### 4. fundur hreppsnefndar Rangárþings ytra kjörtímabilið 2010 – 2014, haldinn að Suðurlandsvegi 1, Hellu, þriðjudaginn 20. júlí 2010, kl. 13:00.

Mætt voru: Guðfinna Þorvaldsdóttir, Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir, Magnús Jóhannsson, Steindór Tómasson, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Þorgils Torfi Jónsson og Anna María Kristjánsdóttir. Einnig Örn Þórðarson sem ritaði fundargerð.

Auk þess mættu á fundinn Gunnsteinn R. Ómarsson undir lið 1, og Þröstur Sigurðsson og Indriði Indriðason fyrir stjórn Suðurlandsvegur 1-3 ehf. undir lið 4.

#### 1. Ráðning sveitarstjóra.

Tillaga um að oddvita verði falið að ganga frá ráðningarsamningi við Gunnstein R. Ómarsson á grundvelli upplýsinga sem liggja fyrir fundinum. Fram kom að Gunnsteinn hefur störf 1. september nk.

Samþykkt samhljóða.

Guðfinnu Þorvaldsdóttur er falið að gegna starfi sveitarstjóra fram til 1. september nk. Hún óskar eftir leyfi frá störfum oddvita fyrir sama tímabil. Varaoddviti, Magnús Hrafn Jóhannsson gegnir embætti oddvita á meðan.

Samþykkt samhljóða.

#### 2. Innheimtumál, endurskoðun innheimtuferla.

Tillaga um að fela sveitarstjóra að taka saman yfirlit yfir innheimtumál og leggja greinargerð fyrir sveitarstjórn.

Samþykkt samhljóða.

#### 3. Verslunarrekstur Kaupáss á Hellu.

Lagt fram erindi frá framkvæmdastjóra Kaupáss varðandi verslunarrekstur Krónubúðar á Hellu.

Tillaga um að sveitarstjóri svari erindi Kaupáss í samræmi við gerðan samning og umræður á fundinum.

Samþykkt samhljóða.

#### 4. Suðurlandsvegur 1-3 ehf., staða mála.

Formaður og framkvæmdastjóri stjórnar Suðurlandsvegur 1-3 ehf. mættu á fundinn og gerðu grein fyrir stöðu mála. Tillaga um að fela sveitarstjóra að skoða málið nánar í samræmi við umræður á fundinum.

Samþykkt með sex atkvæðum. Einn situr hjá (ÞTJ).

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:30.

# Hreppsnefnd Rangárþings ytra

## Fundargerð

### 6. fundur hreppsnefndar Rangárþings ytra, haldinn að Suðurlandsvegi 1, Hellu, fimmtudaginn 2. september 2010, kl. 13:00.

**Mætt voru:** Guðfinna Þorvaldsdóttir, Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir, Magnús H. Jóhannsson, Steindór Tómasson. Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Þorgils Torfi Jónsson, Anna María Kristjánsdóttir, Ingvar Pétur Guðbjörnsson. Að auki, Gunnsteinn R. Ómarsson sveitarstjóri, Indriði Indriðason, fjármálastjóri, sem ritaði fundargerð og Rúnar Guðmundsson byggingarfulltrúi.

Formaður setti fund og bauð nýjan sveitarstjóra, Gunnsteinn R. Ómarsson velkomin til starfa sem og var Halldór Halldórsson, formaður Sambands Íslenskra sveitarfélaga boðin velkominn á fundinn.

#### 1. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til staðfestingar eða kynningar:

- 1.1. Íþrótt- og tómstundanefnd, 2. fundur, frá 11. ágúst 2010.

Liður 2. 3. grein þá vill sveitastjórn áréttu að samfella í íþrótt og tómstundastarfi verður í 2. daga samkvæmt samkomulagi sveitarfélagsins og UMF Heklu.

Hvað varðar lið 4. þá vill sveitastjórn fela sveitastjóra að vísa afgreiðslu nefndarinnar til atvinnu og menningarmálanefndar til umsagnar.

Liður 5. Sveitarstjóra og formanni íþrótt- og tómstundarnefndar er falið að ræða við skólustjóra grunnskóla sveitarfélagsins um rekstur félagsmiðstöðvar og skila álitni til sveitastjórnar.

Að öðru leiti er fundargerðin staðfest.

Samþykkt samhljóða.
- 1.2. Samgöngu- hálendis og umhverfisnefnd, 2. fundur, frá 10. ágúst 2010.

Hvað varðar lið 2. í fundargerð þá er sveitastjóra falið að vinna með nefndinni að gerð tillögu að gjaldsskrá og hugmyndum að framtíðar gámasvæði.

Hvað varðar lið 5a er sveitarstjóra falið að kynna sér starf nefndar um friðland að fjallabaki og samsetningu hennar.

Hvað varðar lið 5b. Sveitastjóra er falið að kanna stöðu umrædds gerðis og kynna það fyrir sveitarstjórn

Hvað varðar 5. lið c þá er sveitastjóra falið að senda bréf til fyrirtækja og stofnanna í samráði við nefndina varðandi umgengni í sveitarfélaginu

Samþykkt samhljóða.
- 1.3. Almennavarnarnefnd Rangárvalla- og V. Skaftafellssýslu, frá 13. ágúst 2010.

Til kynningar.
- 1.4. Atvinnuþróunarfélag Suðurlands 294. fundur stjórnar, frá 16. ágúst 2010.

Til kynningar.
- 1.5. Vatnsveita Rangárþings ytra og Ásahrepps, frá 26. ágúst 2010.

Fundargerðin er staðfest.

Samþykkt samhljóða.
- 1.6. Fjallaskilanefnd Rangárvallaafreftar fundur, frá 27. ágúst 2010.

Hvað varðar launakostnað vegna fjallaskilanefnd þá er sveitarstjóra falið að svara nefndinni.

Fundargerðin er staðfest, og samþykkir sveitarstjórn greiða kostnað vegna girðingarvinnu við Krók samkvæmt meðfylgjandi kostnaðaryfirliti þar sem girðingin er í eigu sveitarfélagsins.

Hvað varðar viðhald á Fosshraunsveg þá tekur sveitarstjórn jákvætt í erindið og vísar því til samgöngu- hálendis og umhverfisnefndar.

Samþykkt samhljóða.
- 1.7. Skólaskrifstofa Suðurlands, 122. stjórnarfundur, frá 17. ágúst 2010.

Til kynningar.
- 1.8. Barnaverndarnefnd, 100. fundur, frá 11. ágúst 2010.

Til kynningar.
- 1.9. Sorpstöð Suðurlands 191. stjórnarfundur, frá 29. júní 2010.

Til kynningar.
- 1.10. Samráðsfundur sorpsamlaga á Suðvesturlandi, 23. ágúst 2010.

Til kynningar.
- 1.11. Skipulagsnefndar Rangárþings ytra bs., fundur, frá 21. júlí 2010., frestað mál frá 3. fundi hreppsráðs.

Sveitarstjórn samþykkir fyrir sitt leyti framlagða deiliskipulagstillögu, en með skilyrði um vegtengingu að Réttarnesi.

Samþykkt samhljóða.

- 1.12. Heilbrigðinefnd Suðurlands, 128 fundur, frá 19 ágúst 2010.  
Til kynningar.
- 1.13. Skólaskrifstofa Suðurlands, 123 stjórnarfundur, frá 24. ágúst 2010.  
Til kynningar.
- 1.14. Byggingarnefnd Rangárþing bs., 37. fundur frá 30. ágúst 2010.

**483-2010** *Rjúpnaveilir, Rangárþingi ytra byggingarleyfi fyrir sumarhúsi. Björn Halldórsson, kt. 080841-2999, Rjúpnaveillum, Holta- og Landsveit, sækir um byggingarleyfi fyrir sumarhúsi að Rjúpnaveillum, landnr. 177230, samkvæmt meðfylgjandi teikningum. Samþykkt.*

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu byggingarnefndar.  
Samþykkt samhljóða

**484-2010** *Seltún 4, Hellu – stöðuleyfi fyrir geymsluhúsi. Elísabet Benediktsdóttir, kt. 211240-2379, Seltúni 4, Hellu, óskar eftir stöðuleyfi fyrir 12fm. geymsluhúsi á lóð nr. 4 við Seltún á Hellu, samkvæmt meðfylgjandi gögnum. Samþykkt að veita stöðuleyfi til eins árs.*

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu byggingarnefndar.  
Samþykkt samhljóða

**485-2010** *Dísukot, Rangárþingi ytra – stöðuleyfi fyrir gámum. Óskar Kristinsson, kt. 201160-3249, Dynskálum 9, Hellu, óskar eftir stöðuleyfi fyrir tveimur gámum á spildu úr landi Dísukots í Þykkvabæ, landnr. 216105, samkvæmt meðfylgjandi gögnum. Samþykkt að veita stöðuleyfi til eins árs.*

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu byggingarnefndar.  
Samþykkt samhljóða

**486-2010** *Selsund, lóð 4, Rangárþingi ytra – byggingarleyfi fyrir skemmu. Jóhannes C. Klein, kt. 010846-4049, Lækjarkinn 26, Hafnarfirði, sækir um byggingarleyfi fyrir skemmu á lóð sinni nr. 4 í landi Selsunds á Rangárvöllum, samkvæmt meðfylgjandi teikningum. Samþykkt með fyrirvara um breytingu á deiliskipulagi.*

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu byggingarnefndar.  
Samþykkt samhljóða

**487-2010** *Kvíaarholt II, Rangárþingi ytra – byggingarleyfi fyrir skemmu. Ólafur Jónsson, kt. 130943-2339, Kambaseli 56, Reykjavík, sækir um byggingarleyfi fyrir skemmu á landi sínu að Kvíaarholti II í Rangárþingi ytra, landnr. 198169, samkvæmt meðfylgjandi teikningum. Samþykkt.*

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu byggingarnefndar.  
Samþykkt samhljóða

**488-2010** *Merkihvoll 15, Rangárþingi ytra – byggingarleyfi fyrir kvisti. Pálmi Thorarensen, kt. 300945-7169, Glæðheimum 22, 104 Reykjavík, óskar eftir því að fá að bæta við kvisti á sumarhús sitt að Merkiholli, lóð 15, Rangárþingi ytra, samkvæmt meðfylgjandi teikningum. Samþykkt.*

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu byggingarnefndar.  
Samþykkt samhljóða

**489-2010** *Flagbjarnarholt/Litla-Setberg, Rangárþingi ytra – byggingarleyfi fyrir geymslu. Elísabet Jónsdóttir, kt. 200952-7669, Prastargötu 11, 107 Reykjavík, sækir um byggingarleyfi fyrir geymsluhúsi á lóð sinni Litla-Setbergi úr landi Flagbjarnarholts, landnr. 175637, samkvæmt meðfylgjandi teikningum.*

Samþykkt.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu byggingarnefndar.  
Samþykkt samhljóða

**490-2010** Lyngás, Hellu – stöðuleyfi fyrir Nesbúð gisti- og þjónustuhús.  
Bergur Sveinbjörnsson fh. Söluskálans Landvegamótum ehf. kt. 700687-1479 Lyngási 2, 851 Hella, sækir um stöðuleyfi fyrir 1080fm húsnæði sem setja á niður á Lyngási 2 við Suðurlandsveg í Rangárþingi ytra, samkvæmt meðfylgjandi gögnum.  
Byggingarnefnd hafnar umsótttri staðsetningu.  
Byggingarnefnd veitir byggingarfulltrúa heimild til að semja við umsækjanda um tímabundna geymslu á umræddum húsakosti, náist samkomulag um viðunandi staðsetningu.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu byggingarnefndar.  
Samþykkt samhljóða

**491-2010** Rangá, Rangárþingi ytra – leyfi fyrir breyttum teikningum.  
Veiðifélag Ytri-Rangár, kt. 691092-2599, Bjólu 1, 851 Hellu, óskar eftir leyfi til að breyta gluggum á veiðihúsi sínu að Rangá, Rangárþingi ytra, samkvæmt meðfylgjandi teikningum.  
Samþykkt.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu byggingarnefndar.  
Samþykkt samhljóða

**492-2010** Uxahryggur 1, Rangárþingi ytra – byggingarleyfi fyrir sumarhúsi.  
Oddsteinn Magnússon, kt. 160180-5609, Álfaskeiði 32, 220 Hafnarfirði, sækir um byggingarleyfi fyrir sumarhúsi á lóð sinni í landi Uxahryggs 1, Rangárþingi ytra, lóð með landnr. 219337, samkvæmt meðfylgjandi gögnum. Húsið verður flutt tilbúið á staðinn.  
Samþykkt.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu byggingarnefndar.  
Samþykkt samhljóða

**493-2010** Merkihvoll, lóð 9, Rangárþingi ytra – byggingarleyfi fyrir geymslu.  
Anton Kristinsson, kt. 190741-7969, Bollasmára 1, 201 Kópavogi, óskar eftir byggingarleyfi fyrir geymslu á lóð sinni nr. 9 í landi Merkihvols í Rangárþingi ytra, samkvæmt meðfylgjandi teikningum.  
Samþykkt.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu byggingarnefndar.  
Samþykkt samhljóða

#### 1.15. Skipulagsnefnd Rangárþing bs., 30. fundur frá 30. ágúst 2010.

**110 2009** Deiliskipulag skálasvæðis við Álftavatn, Rangárþingi ytra.  
Smávægilegar breytingar voru gerðar á deiliskipulaginu eftir staðfestingu hreppsnefndar Rangárþings ytra 30. nóvember 2009. Breytingarnar voru gerðar eftir ábendingar frá Skipulagsstofnun og Umhverfisstofnun.  
Skipulagsstofnun bendir á í bréfi dags 23. júní 2010 að staðfesta þurfi fyrrgreindar breytingar áður en deiliskipulagið er auglýst í B-deild stjórnartíðinda.  
Skipulagsnefnd vísar deiliskipulaginu með áorðnum breytingum til hreppsnefndar Rangárþings ytra til staðfestingar.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.  
Samþykkt samhljóða

**140 2010** Steinkusel Rangárþingi ytra, deiliskipulag 5 fristundahúsalóða, óveruleg breytingin felur í sér að heiti á lóðum F4 og F5 breytast. Einnig breytast hnit á F4 og F5 lítilla eftir ítarlega mælingu.  
Skipulagsnefnd samþykkir breytingarnar.  
Til kynningar.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.  
Samþykkt samhljóða

*157 2010 Uxahryggur I. Rangárþingi ytra, deiliskipulag fyrir sumarhús. Deiliskipulagið nær yfir rúmlega 2 ha lóð í landi Uxahryggjar 1 (landnr. 219337). Deiliskipulagið tekur til frístundahúss og gestahúss/geymslu. Deiliskipulagið er í samræmi við aðalskipulag Rangárþings ytra 2002-2014, en þar er svæðið skilgreint sem landbúnaðarsvæði. Skógræktarsvæði Skógræktarfélags Rangæinga við Þverá er norðan lóðarinnar. Aðkoma að svæðinu er af Suðurlandsvegi austan Hvolsvallar, um Landeyjaveg (nr. 252) og nýjan afleggjara að lóðinni. Skipulagsnefnd samþykkir deiliskipulagstillöguna og mælist til að hún verði auglýst lögum samkvæmt.*

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar með fyrirvara um samþykki landeiganda og felur sveitarstjóra að auglýsa ofangreinda tillögu lögum samkvæmt.  
Samþykkt samhljóða

*157 2010 Tjörfastaðir í Rangárþingi ytra, deiliskipulag 4 frístundahúsalóða. Deiliskipulagið nær yfir um 4 ha svæði af landi Tjörfastaða (landnr. 165013). Deiliskipulagið tekur til fjögurra frístundalóða, F1-F4 sem allar eru 1 ha að stærð. Áætlað er að byggja frístundahús og gestahús/geymslu á hverri lóð. Aðkoma að svæðinu er af Suðurlandsvegi vestan Hellu, um Bjallaveg (nr. 272), Húsagarðsveg (nr. 2771) og nýjan afleggjara frá aðkomuvegi að Tjörfastöðum. Skipulagsnefnd samþykkir deiliskipulagstillöguna með fyrirvara um aðalskipulagsbreytingu.*

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.  
Samþykkt samhljóða

*158 2010 Ósk um breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra vegna breytinga á legu Búðarháslínu. (Unnur Helga Kristjánsdóttir sækir um breytinguna f.h. Landsnets) Skipulagsnefnd samþykkir að gerð verði aðalskipulagsbreyting vegna breytinga á legu Búðarháslínu. Skipulagsnefnd vekur athygli á, að við útgáfu framkvæmdaleyfis skuli þess gætt að tryggt verði að röskun á gróðri verði sem allra minnst.*

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.  
Samþykkt samhljóða

*159 2010 Heysholt Rangárþingi ytra deiliskipulag frístundahúsa-, verslunar- og þjónustubygginga. Deiliskipulagstillagan gerir ráð fyrir frístundabyggð með 24 lóðum og 48 byggingum. Verslun og þjónusta á tveimur lóðum með 2 byggingum þar sem önnur lóðin er til framtíðarþarfa svæðisins. Deiliskipulagið er syðst í landi Heysholts og er með aðkomu um Suðurlandsveg, Landveg og um aðkomuveg inn á svæðið. Skipulagsnefnd samþykkir deiliskipulagstillöguna með fyrirvara um aðalskipulagsbreytingu.*

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.  
Samþykkt samhljóða

*128 2010 Hrafninnusker, deiliskipulag og umhverfisskýrsla skálasvæðis á hálendi Rangárþings ytra. Skálasvæðið við Hrafninnusker er innan svæðis miðhálandisins og fellur það undir lög um mat á umhverfisáhrifum áætlaða skv. lögum nr. 105/2006. Svæðið fellur undir þjóðlendur sbr. úrskurð óbyggðanefndar og 2. gr.laga nr. 58/1998 um þjóðlendur. Deiliskipulag þetta nær til 1ha svæðis við Hrafninnusker sem er í 1.140m hæð yfir sjó. Deiliskipulagið er í samræmi við aðalskipulag Rangárþings ytra 2002-2014 og einnig í samræmi við aðalskipulag Rangárþings ytra 2010-2022, sem er í lögbundnu staðfestingarferli. Ekki hafa borist athugasemdir við deiliskipulagstillögunni og telst hún því samþykkt.*

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.  
Samþykkt samhljóða



*131 2010 Hvanggil, deiliskipulag og umhverfisskýrsla skálasvæðis á hálendi Rangárþings ytra Hvanggil er um 3 km suður af Álftavatni og er við Fjallabaksleið syðri, rétt norðan Mýrdalsjökuls.*

*Deiliskipulagið nær til tveggja svæða og samanlögð stærð þeirra er um 2 ha. Ferðafélag Íslands festi kaup á skálunum í Hvanggili árið 2002 og núv. byggingar eru 1 skáli byggður 1994, 1 hesthús með gistiádstöðu byggt 1963, 1 skálavardarhús byggt 1993 og 1 salernishús byggt 1996. Tvö tjaldsvæði eru á svæðinu.*

*Deiliskipulagið er í samræmi við aðalskipulag Rangárþings ytra 2002-2014 og einnig í samræmi við aðalskipulag Rangárþings ytra 2010-2022, sem er í lögbundnu staðfestingarferli.*

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.

Samþykkt samhljóða

*139 2010 Deiliskipulag hálendismiðstöðvar að Hrauneyjum, Rangárþingi ytra.*

*Deiliskipulagið nær til um 6 ha lóðar Hálendismiðstöðvarinnar Hrauneyja, landnr. 179274. Deiliskipulagið tekur til byggingarreits fyrir stækkun hálendismiðstöðvarinnar, sem felur í sér stækkun á núverandi gistirými og byggingarreits fyrir fræðslustofu.*

*Deiliskipulagið er í samræmi við aðalskipulag Rangárþings ytra 2010 - 2022, þar er svæðið skilgreint sem verslunar- og þjónustusvæði.*

*Eldra deiliskipulag unnið af Litlu Teiknistofunni, dags. í júní 1993 m/síðari breytingum, er fellt úr gildi. Aðkoma að Hrauneyjum er af Landvegi 26 og aðkomuvegi að hálendismiðstöðinni.*

*Deiliskipulagið er í samræmi við aðalskipulag Rangárþings ytra 2002-2014 og einnig í samræmi við aðalskipulag Rangárþings ytra 2010-2022, sem er í lögbundnu staðfestingarferli.*

*Ekki hafa borist athugasemdir við deiliskipulagsbreytinguna og telst hún því samþykkt.*

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.

Samþykkt samhljóða

*137 2010 Haukadalur lóð 5, á norðursvæði, breyting á deiliskipulagi fristundabyggðar, Rangárþingi ytra*

*Breytingin felur í sér breytingar á gildandi greinargerð skipulagsins gr. 2.3 og 2.4.*

*Í grein 2.3 er bætt við setningu sem segir „ Heimilt skal að byggja tvö hús á hverri lóð, enda sé stærð þeirra innan marka sem tilgreind eru í grein 2.4“*

*Í grein 2.4 er breytingin á þá vegu að heimilt verður að byggja allt að 250m<sup>2</sup> brúttó, þ.e. 180m<sup>2</sup> á aðalhúsi og annað hús allt að 70m<sup>2</sup>.*

*Að auki er byggingarreitur á lóð nr. 5 stækkaður og færður ofar í lóðina.*

*Deiliskipulagið er í samræmi við aðalskipulag Rangárþings ytra 2002-2014 og einnig í samræmi við aðalskipulag Rangárþings ytra 2010-2022, sem er í lögbundnu staðfestingarferli.*

*Ekki hafa borist athugasemdir við deiliskipulagstillögunni og telst hún því samþykkt.*

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.

Samþykkt samhljóða

## **2. Umsagnir um veitingaleyfi og tengd erindi:**

2.1. Sýslumaðurinn Hvolsvelli, erindi dags. 18. ágúst 2010.

Afgreiðslu frestað og er sveitarstjóra falið að ræða við umsækjanda um væntanlega starfsemi og skila álitni til sveitastjórnar.

Samþykkt samhljóða.

## **3. Umsóknir um skólavist og tengd erindi:**

3.1. Beiðni um námsvist utan lögheimilissveitarfélags.

Fjölskyldumiðstöð Árborgar sækir um að nemandi fái námsvist í Grunnskólanum á Hellu.

Sveitarstjórn samþykkir erindið og skal kostnaður verð greiddur í samræmi við viðmiðunarreglu Sambands Íslenskra sveitarfélaga.

Samþykkt samhljóða

## **4. Landskipti og tengd erindi:**

4.1. Hlymhólar, lögbýlisumsókn, frestað erindi frá 4. fundi hreppsráðs frá 12. ágúst 2010.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við að stofnað sé lögbýli Hlymhólar á sameinuðum landspildum með lnr.1 91976 og lnr. 209901

Samþykkt samhljóða.

- 4.2. Eyrartún 2. landskipti erindi dags. 12. ágúst 2010.  
Hreppsráð gerir ekki athugasemd við að 2,8 ha. lóð með lnr. 219634 verði skipt úr jörðinni Eyrartún 2 Rangárþingi ytra, lnr.165372. Lögbylislíttur fylgir upprunalandi (lnr. 165372).

Samþykkt samhljóða.

**5. Skipulagsmál og tengd erindi:**

- 5.1. Skipulagstofnun skálasvæði við Hrafninnusker umsögn um matskyldu, erindi dags. 20. ágúst 2010.  
Sveitastjórn telur að deiliskipulagstillagan sé ekki háð mati á umhverfisáhrifum þar sem um óverulegar breytingu er að ræða á starfsemi og ásýnd svæðisins.

Samþykkt samhljóða

- 5.2. Skipulagstofnun skálasvæði við Hvanngil umsögn um matskyldu, erindi dags. 20. ágúst 2010  
Sveitastjórn telur að deiliskipulagstillagan sé ekki háð mati á umhverfisáhrifum þar sem um óverulegar breytingar er að ræða á starfsemi og ásýnd svæðisins.

Samþykkt samhljóða.

**6. Lóðaframkvæmdir við Suðurlandsveg 1-3, frestað mál frá 4. fundi hreppsráðs:**

Samkvæmt upplýsingum frá Byggingarfulltrúa þá eru gildandi uppdrættir að deiliskipulagi á miðbæ Hellu frá 1993. Lóðaframkvæmdir sem unnar hafa verið á undanförmu við Suðurlandsveg 1-3 eru ekki inn á núgildandi deiliskipulagi. Lagt er til að deiliskipulag verði unnið fyrir Suðurlandsveg 1-3, og miðbæjarsvæðið í heild. Framkvæmdum verði frestað þar til að deiliskipulag öðlist gildi. Nauðsynlegt að semja við aðra eignaraðila vegna lóðaframkvæmda í samræmi við gildandi eignarskiptayfirlýsingu. Sveitarstjóra falið að gera kostnaðaryfirlit vegna framkvæmda og tillögu að skiptingu kostnaðar við framkvæmdirnar á grundvelli eignarskiptayfirlýsingu.og einnig er sveitarstjóra falið að láta vinna tillögu að deiliskipulagi fyrir miðbæ Hellu.

Samþykkt samhljóða.

*Eftirfarandi bókun kom frá A lista.*

*Varðandi lóðaframkvæmdir við Suðurlandsveg 1-3 viljum við fulltrúar A-listans velja athygli á að ekki var til deiliskipulag fyrir lóðaframkvæmdum. Einnig að vegna útteilinga verkefna tengdum lóðaframkvæmdunum og þakviðgerðum, hafi ekki allir verktakar setið við sama borð, þar sem verkin voru einungis boðin fáum aðilum.*

*Guðfinna Þorvaldsdóttir, Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir, Magnús H. Jóhannsson og Steindór Tómasson.*

**7. Drög að samningi um hús á Holtamannafrétti, erindi dags. 25. ágúst 2010:**

Afgreiðslu frestað og sveitastjóra falið að ræða við hlutaeigandi aðila.

Samþykkt samhljóða.

**8. Frágangur lóðaleigusamninga vegna spennistöðva, erindi frá RARIK dags. 25. ágúst 2010:**

Sveitarstjóra falið að gera lóðarleigusamninga vegna umræddra fasteigna.

Samþykkt samhljóða.

**9. Erindi frá umsjónarmanni fasteigna Rangárþings ytra um kaup á skólþælu:**

Sveitarstjórn samþykkir framlagðar kostnaðartölur í skólþælu og er kostnaði vísað til endurskoðunar á fjárhagsáætlun.

Samþykkt samhljóða.

**10. Skotfélagið Skyttur, erindi dags. 17. ágúst 2010:**

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við útgáfu leyfis fyrir skotsvæði á umræddu svæði með fyrirvara um athugasemdarlausar umsagnir annarra umsagnaraðila.

Samþykkt samhljóða.

**11. Skipun vinnuhóps um þóknun fyrir fundi, fjárhagslega umgjörð og önnur störf kjörinna fulltrúa:**

Samþykkt að fela sveitarstjóra og oddvitum meiri og minnihluta að afla gagna og leggja fram tillögur fyrir sveitarstjórn.

Samþykkt samhljóða.

**12. Afgreiðsla styrkumsókn- styrkvegir í Rangárþingi ytra, erindi dags. 23. ágúst 2010:**

Rangárþingi ytra hefur verið úthlutað 3.000 þús.kr til endurbóta á ýmsum vegum í sveitarfélaginu. Erindinu er vísað til samgöngu- hálendis og umhverfisnefndar.

Samþykkt samhljóða.

**13. Fyrirspurn um tölvumál sveitarfélagsins, erindi dags. 30. ágúst 2010:**

Sveitarstjórn þakkar bréfitara erindið.

Samþykkt samhljóða.

**14. Drög að fundaráætlun sveitarstjórnar 2010:**

Drög að fundaráætlun hreppsnefndar og hreppsráðs lögð fram. Þar kemur fram að fundir hreppsnefndar eru fyrsta fimmtudag í hverjum mánuði og hefjast kl 13.00, og fundir hreppsráðs eru þriðja fimmtudag í hverjum mánuði og hefjast kl 16.00.

Samþykkt samhljóða.

**15. Tjaldsvæðið Laugalandi, ósk um kaup á Mýrarkoti vegna reksturs á tjaldsvæði á Laugalandi, erindi dags. 36. ágúst 2010:**

Sveitarstjóra falið að ræða við bréfitara um erindið og afla upplýsinga um stöðu Mýrarkots.

Samþykkt samhljóða.

**16. Leyfisumsókn vegna fjallarallkeppna, erindi dags. 15 ágúst 2010:**

Erindinu er vísað til samgöngu- hálandis og umhverfisnefndar.

Samþykkt samhljóða.

Guðmundur Ingi Gunnlaugsson vikur af fundi og sæti hans tekur Ingvar Pétur Guðbjörnsson.

**17. Fjölmíðlavöktun varðandi Norðlingaölduveitu, erindi dags 16 ágúst 2010:**

Erindinu er hafnað.

Samþykkt samhljóða.

**18. Erindi frá Eddu Ö. Magnúsdóttur um bílastæði fyrir fatlaða við Suðurlandsveg 1-3 o.fl., dags. 25 ágúst 2010:**

Sveitarstjóra er falið að svara bréfitara.

Samþykkt samhljóða.

**19. Skólaakstur skipulag og kostnaður:**

Sveitarstjóra er falið að taka saman kostnað vegna skólaaksturs grunnskóla og afla upplýsinga hjá öðrum sveitarfélögum og skila álitni til sveitarstjórnar.

Samþykkt samhljóða.

**20. Tilnefning fulltrúa í starfshóp á vegum SASS, um mat á sameiningarkostum sveitarfélaga. Bréf dags. 8.apríl 2010 og 27.ágúst 2010:**

Sveitarstjórn tilnefnir Gunnsteinn R Ómarsson, sveitarstjóra sem fulltrúa í stafshóp um mat á sameiningarkostum sveitarfélaga.

Samþykkt samhljóða.

**21. Leigusamningar við Suðurlandsveg 1-3 ehf.:**

Sveitarstjóra er falið að undirrita leigusamninga og önnur skjöl er lúta að umræddri húsaleigu.

Samþykkt samhljóða.

**Bókun A-lista :**

Fulltrúar A-lista gagnrýna fyrrverandi meirihluta sveitarstjórnar fyrir að hafa lánað fé til Suðurlandsvegur 1-3 , rúmlega 100 m.kr. umfram fjárhagsáætlun Rangárþings ytra fram til 28. maí 2010. Einnig viljum við gagnrýna að forsvarsmenn Suðurlandsvegur 1-3 sem voru að hluta til sömu aðilar og voru í meirihluta sveitarstjórnar Rangárþings ytra, skuli ekki hafa tryggt fjármagn til framkvæmdarinnar áður en skrifað var undir fjárskuldbindingar um byggingu hússins. Frá því að nýr meirihluti sveitarstjórnar Rangárþings ytra tók við stjórn sveitarfélagsins, þá hefur ekki verið greitt til félagsins. Leitað var til fagaðila á sviði fjármála þegar einkahlutafélagið Suðurlandsvegur 1-3, komst í greiðsluvanda í júlí s.l. og þrýstingur kom á sveitarfélagið að leggja meira fé til einkahlutafélagsins. En þá vantaði 100-120 m.kr. til að hægt væri að standa við gerða samninga við ýmsa aðila og opna húsið. Að fengnu áliti fagaðila þá var ekki ráðlagt að sveitarfélagið kæmi með meira fjármagn til verksins, enda hafði verið staðið við allar greiðslur af þess hálfu, samkvæmt fjárhagsáætlun Sveitarstjórnarmenn verða að gæta þess að verja fjármuni sveitarfélagsins með ábyrgum hætti , þar sem hlutverk sveitarfélaga er að veita íbúum löghöðna grunnþjónustu og afla fjármagns til rekstrar stofnanna sveitarfélagsins. Samið var um frestun á greiðslum og verkstopp á verksamningi í júlí s.l. Fulltrúar A-lista samþykkja framlagða leigusamninga sem umir hafa verið af fagaðilum og endurskoðanda sveitarfélagsins. Markmiðið er að verja það fjármagn sem Rangárþing ytra hefur lánað til byggingarinnar og stuðla að opnun hússins. Guðfinna Þorvaldsdóttir, Magnús H. Jóhannsson, Margrét Ýr Sigurgeirsdóttir og Steindór Tómasson

**Bókun fulltrúa D-lista vegna bókunar fulltrúa A-lista vegna 21. liðar á 6. fundi hreppsnefndar Rangárþings ytra, 2. September 2010:**

Verk fyrrverandi meirihluta sveitarstjórnar eru ekki yfir gagnrýni hafin. Lagt var af stað í verkefnið með það að markmiði að bæta þjónustu við íbúa sveitarfélagsins, með bættri verslun og aðgengi að þeirri þjónustu sem fyrir var, s.s. verslun, skrifstofu sveitarfélagsins og starfssemi í Verkalýðshúsinu, s.s. heilsugæslu o.fl. Fulltrúar D-lista munu nú sem fyrr reiðubúnir að vinna að lausn mála þannig að tryggt verði að þær fjárfestingar sem liggja í húsinu nýtist sem fyrst til hagsbóta fyrir samfélagið. Skora fulltrúar D-lista á fulltrúa A-lista að axla ábyrgð sína í þeim efnum. Einnig viljum við árétta fyrri bókunir D-listans um málið.

- 22. Málefni vínbúðar á Hellu:**  
Sveitarstjóra og oddvita falið að fá fund með forsvarsmönnum Vínbúðarinnar.  
Samþykkt samhljóða.
- 23. Vinnuástaða kjörinna fulltrúa í hreppsnefnd Rangárbings ytra:**  
Sjá lið nr. 11.  
Samþykkt samhljóða.
- 24. Gangbraut yfir Suðurlandsveg:**  
Sveitarstjóra og oddvita falið að koma á fundi með Vegagerð.  
Samþykkt samhljóða.
- 25. Gönguleiðir úr Hrafninnuskeri í Landmannahelli, erindi dags. 30. ágúst 2010:**  
Sveitastjórn fagnar framkomnum hugmyndum Hellismanna um stikun gönguleiðar.  
Samþykkt samhljóða.
- 26. Þjóðskrá Íslands, umsögn sveitarfélags erindi dags. 13. ágúst 2010:**  
Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við framkomnar breytingar á skráningu umræddra eigna í Þjóðskrá.  
Samþykkt samhljóða.
- 27. Hellubíó-meningarhús. Mál frá hreppsnefndarfundum 28. júní sl.:**  
Lagt var fram álit frá formanni atvinnu og menningarmálanefndar.  
Sveitarstjórn telur að ekki sé þörf fyrir sveitarfélagið að koma að kaupum á Hellubíó.  
Samþykkt samhljóða.
- 28. Gjaldskrá leikskóla sbr. 2. fundargerð hreppsráðs. Staða mála:**  
Lögð fram drög að gjaldskrá til umræðu af Margréti Ýr Sigurgeirsdóttur og Guðfinnu Þorvaldsdóttur.  
Sveitarstjóra falið að vinna útreikninga vegna nýrrar gjaldskrá í samræmi við umræður á fundinum og vísa drögum að nýrri gjaldskrá til umsagnar fræðslunefndar.  
Samþykkt samhljóða.  
Lagður var fram undirskriftalisti frá 22. foreldrum barna við Leikskólann Heklukots þar sem fram kom óánægja foreldra með núverandi gjaldskrá Leikskólans Heklukots.
- 29. Trúnaðarmál:**  
Fært í trúnaðarmálabók.
- 30. Kjör í nefndir, ráð og stjórnir á vegum Rangárbings ytra:**
- 30.1. Fjallskilanefnd um Holtamannaafrétt.  
Tillaga að Sigfús Davíðsson verði aðalmaður og til vara verði Ingvar Pétur Guðbjörnsson í fjallskilanefnd Holtamannaafréttar.  
Samþykkt samhljóða.
- 30.2. Stjórn Húsakynna.  
Tillaga að Kristín Bjarnadóttir og Ingvar Pétur Guðbjörnsson verða fulltrúar Rangárbings ytra í stjórn Húsakynna bs. og til vara verða Gunnar Aron Ólason og Anna María Kristjánsdóttir.  
Samþykkt samhljóða.
- 30.3. Stjórn byggðasamlags um félagsmálafulltrúaembættið.  
Tillaga að Margrét Ýr Sigurgeirsdóttir verði fulltrúi sveitarfélagsins í stjórn byggðasamlags um félagsmálafulltrúaembættið og til vara Anna María Kristjánsdóttir.  
Samþykkt samhljóða.
- 30.4. Stjórn byggðasamlags um skipulags- og byggingarfulltrúaembættið.  
Tillaga að Guðfinna Þorvaldsdóttir verði fulltrúi sveitarfélagsins í stjórn byggðasamlags um skipulag og byggingarfulltrúaembættið og til vara Þorgils Torfi Jónsson.  
Samþykkt samhljóða.
- 30.5. Stjórn byggðasamlags um brunavarnir Rangárvallasýslu.  
Tillaga að Gunnsteinn R. Ómarsson verði fulltrúi sveitarfélagsins í stjórn byggðasamlags um brunavarnir Rangárvallasýslu og til vara verði Steindór Tómasson.  
Samþykkt samhljóða.
- 30.6. Stjórn almannavarna Rangárvallasýslu.  
Tillaga að Gunnsteinn R. Ómarsson, sveitarstjóri, verði fulltrúi sveitarfélagsins í stjórn almannavarna Rangárvallasýslu og til vara verði Guðfinna Þorvaldsdóttir.  
Samþykkt samhljóða.
- 30.7. Stjórn Strandavallar.  
Tillaga að Heimir Hafsteinsson verði fulltrúi sveitarfélagsins í stjórn Strandavallar og til vara Erna Sigurðardóttir.  
Samþykkt samhljóða.

**F. Fundarboð, ráðstefnur, námskeið, þjónusta og umsóknir um styrki:**

F.1. Kvinnakórinn Ljósbrá, styrkumsókn, bréf dags. 12. ágúst 2010.

Hreppsnefnd fellst á að veita styrk fyrir hlut Rangárþings ytra til greiðslu leigugjalds á íþróttahúsinu vegna æfinga á komandi hausti.

Samþykkt samhljóða.

F.2. Karlakór Rangæinga, umsókn um styrk á móti húsaleigu á Laugalandi.

Hreppsnefnd fellst á að veita styrk fyrir hlut Rangárþings ytra til greiðslu leigugjalds á íþróttahúsinu vegna æfinga á komandi hausti.

Samþykkt samhljóða.

**G. Annað efni til kynningar:**

G.1. Kjörbréf á aðalfund SASS, AÐS, HES og SKS 13 og 14 september 2010.

Fulltrúar Rangárþing ytra á aðalfundi Skólaskrifstofu Suðurlands eru: Guðfinna Þorvaldsdóttir, Steindór Tómasson, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson og Þorgils Torfi Jónsson. Þessir aðilar fara með atkvæði sveitarfélagsins á aðalfundum ofangreindra samstarfsverkefna.

Samþykkt samhljóða

G.2. Lánasjóður sveitarfélaga svarbréf vegna fyrirvara við lánum í erlendri mynt.

G.3. Leikskólinn Laugalandi árskýrsla.

G.4. Sameiginlegt þjónustusvæði Suðurlands um þjónustu fatlaðra, drög að samningi dags. 28. júlí 2010.

G.5. Suðurlandsskógar tilkynning frá Októ Einarssyni vegna þátttöku í Suðurlandskógum, dags. 6. ágúst 2010.

G.6. Heimasíða sveitarfélagsins.

G.7. Kort af göngu, hlaupa og hjólaleiðum og opnum svæðum á og við Helli.

Erindinu er vísað til samgöngu-hálendis og umhverfisnefndar, atvinnu og menningarmálanefnd og íþrótta og tómstundanefnd.

Samþykkt samhljóða

G.8. Heimasíða sveitarfélagsins

G.9. Umræða um niðurgreiðslur á raforku til húshitunar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19.40.

# Hreppsnefnd Rangárþings ytra

## Fundargerð

### 7. fundur hreppsnefndar Rangárþings ytra, haldinn að Suðurlandsvegi 1, Hellu, fimmtudaginn 7. október 2010, kl. 12.00

Mætt eru Guðfinna Þorvaldsdóttir, Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir, Steindór Tómasson, Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Þorgils Torfi Jónsson og Anna María Kristjánsdóttir. Að auki, Gunnsteinn R. Ómarsson, sveitarstjóri, sem ritaði fundargerð og Rúnar Guðmundsson, byggingarfulltrúi.

Oddviti setur fund og stjórnar honum.

#### Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til staðfestingar eða kynningar:

1. Fjallskilanefnd Holtamannaafrettar, dags. 2. sept. 2010.  
Til kynningar.
2. Fjallskilanefnd Holtamannaafrettar, dags. 8. sept. 2010.  
Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina.  
*Samþykkt samhljóða.*  
Rúnar Guðmundsson mætir á fundinn.
3. Skipulagsnefnd Rangárþings bs., 31. fundur, dags. 17. sept. 2010.  
Til kynningar.
4. Byggingar- og skipulagsembætti Rangárþings bs., aðalfundur, dags. 27. sept. 2010.  
Til kynningar.  
Guðfinna Þorvaldsdóttir fór með umboð Rangárþings ytra á fundinum.  
*Samþykkt samhljóða.*
5. Fræðslunefnd Rangárþings ytra og Ásahrepps, 3. fundur, dags. 27. sept. 2010.  
Liður 7 – Sveitarstjórn ítrekar ósk um umsögn og tillögu frá fræðslunefnd um lágmarksfjölda barna á leikskóladeild.  
Sveitarstjórn staðfestir fundargerð fræðslunefndar að öðru leyti.  
*Samþykkt samhljóða.*
6. Hreppsráð Rangárþings ytra, 5. fundur, dags. 28. sept. 2010.  
Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu hreppsráðs.  
*Samþykkt samhljóða.*
7. Skipulagsnefnd Rangárþings bs., 32. fundur, dags. 30. sept. 2010.  
125 2010 Deiliskipulag í Köldukinn.  
Staðfest með fyrirvara um samþykki landeigenda.  
162 2010 Aðalskipulagsbreyting vegna deiliskipulags í Heysholti.  
Staðfest með fyrirvara um samþykki landeigenda.  
163 2010 Deiliskipulag og umhverfisskýrsla fyrir Hrauneyjar hálandismiðstöð.  
Staðfest með fyrirvara um samþykki landeigenda.  
164 2010 Heklukot, deiliskipulag frístundalóðar.  
Staðfest með fyrirvara um samþykki landeigenda.  
165 2010 Maurholt, deiliskipulag frístundalóða úr landi Ægisíðu.  
Staðfest með fyrirvara um samþykki landeigenda.

*Samþykkt samhljóða.*

8. Byggingarnefnd Rangárþings bs., 38. fundur, dags. 30. sept. 2010.  
500-2010 Svinhagi, lóð SH-29, Rangárþingi ytra – stöðuleyfi fyrir gámi.  
Staðfest.
- 501-2010 Bakkasel úr landi Efra-Sels, Rangárþingi ytra – byggingarleyfi fyrir frístundahúsi.  
Staðfest.
- 502-2010 Sælukot, Rangárþingi ytra – byggingarleyfi fyrir reiðskemmu.  
Staðfest.
- 503-2010 Vatnstankur við Freyvang, Rangárþingi ytra – leyfi fyrir fjarskiptamastri.  
Sveitarstjórn fagnar áhuga á bættum fjarskiptamálum í sveitarfélaginu.  
Afgreiðsla byggingarnefndar staðfest.
- Sveitarstjóra og byggingarfulltrúa falið að ræða við umsækjanda og leita leiða að farsælli lausn.
- 504-2010 Bali / Fjarkastokkur, Rangárþingi ytra – leyfi fyrir breytingum á hesthúsi.  
Staðfest.
- 505-2010 Þjóðólfshagi, Rangárþingi ytra – byggingarleyfi fyrir gestahúsi.  
Staðfest.
- 506-2010 Þjóðólfshagi 16, Rangárþingi ytra – byggingarleyfi fyrir gestahúsi.  
Staðfest.

*Samþykkt samhljóða.*

Rúnar Guðmundsson víkur af fundi.

#### **Erindi til umsagnar of afgreiðslu:**

9. Orkustofnun; Beiðni um umsögn vegna rannsóknarleyfis við Hágöngur á Holtamannaafreitti, dags. 17. sept. 2010.  
Fram kemur í erindinu að rannsóknarleyfi felur ekki í sér heimild til auðlindanýtingar.  
Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við umsóknina.

*Samþykkt samhljóða.*

10. Tillaga frá D-lista um endurbætta aðstöðu fyrir smíðakennslu við Grunnskólann á Hellu og gerð nýrra búningsklefa við íþróttamiðstöðina, dags. 4. október 2010.

Tillagan er eftirfarandi:

„Lagt er til að þegar verði hafin könnun á því hvaða mögulega húsnæði í grennd við Grunnskólann á Hellu kemur til greina sem aðstaða fyrir smíðakennslu. Komi í ljós að slíkt húsnæði sé til staðar verði hugað að því að fá það keypt eða leigt til nota fyrir smíðakennsluna. Tilgangurinn er að smíðakennsluna megi flytja í viðunandi húsnæði sem uppfyllir kröfur um aðbúnað og öryggi nemenda sem kennara á þessu skólaári.

Samhliða gerð aðstöðu fyrir smíðakennslu verði undirbúið að gera búningsklefa í því húsnæði sem smíðakennslan fer fram í nú. Tilgangur þessa er að stórbæta aðstöðu íþróttaiðkenda við íþróttahúsið og sundlaugina á Hellu.

Eignaumsjón sveitarfélagsins verði falið að undirbúa þessar aðgerðir og skila um þær tillögum og kostnaðaráætlunum til sveitarstjórnar eins fljótt og við verður komið.

Greinargerð:

Fyrir liggur að núverandi aðstaða fyrir smíðakennslu við Grunnskólann á Hellu er óviðunandi og uppfyllir ekki kröfur um aðgengi og aðbúnað nemenda og kennara. Að auki er þetta húsnæði ætlað fyrir búningsklefa sem er mikil þörf fyrir við íþróttahúsið og sundlaugina. Brýna nauðsyn ber til þess að gripið verði til markvissra aðgera til úrbóta fyrir smíðakennsluna og búningsaðstöðu við íþróttahúsið og sundlaugina. Áætlun um framkvæmdir og kostnað þurfa að liggja tímanlega fyrir vegna fjárhagsáætlunar fyrir árið 2011.“

Sveitarstjórn samþykkir að kanna kostnað og möguleika við framlagða tillögu D-lista.

*Samþykkt samhljóða.*

Eftirfarandi bókun kom frá Á-lista:

„Fjárhagsstaða sveitarfélagsins er ekki góð, ekki síst vegna þess að fyrrverandi meirihluti fór í kostnaðarsöm verkefni langt umfram fjárheimildir. Húsnæðismál Grunnskólans á Hellu hafa því miður verið neðarlega á forgangsröðunarlista sveitarfélagsins á síðastliðnum kjörtímabilum. Nú er unnið að lausn á fjárhagsvanda sveitarfélagsins og ekki er hægt að taka afstöðu til erindisins fyrr en þeirri vinnu er lokið. Nauðsynlegt er skoða málið í kjölfarið.“

11. Tillaga frá Á-lista um uppsögn allra aksturstengdra hlunninda starfsmanna Rangárþings ytra, dags. 4. október 2010.

Tillagan er eftirfarandi:

„Lagt er til að aksturstengdum hlunnindum starfsmanna Rangárþings ytra verði sagt upp með lögformlegum hætti og að uppsögn taki gildi frá og með næstu mánaðamótum.“

Eftirfarandi breytingartillaga er lögð fram af fulltrúum D-lista:

„Breytingartillaga við tillögu um uppsögn allra aksturstengdra hlunninda starfsmanna Rangárþings ytra skv. 11. lið dagskrár 7. fundar hreppsnefndar, lögð fram á fundi hreppsnefndar Rangárþings ytra þ. 7. október 2010:

Lagt er til að áður en til uppsagna eða breytinga á aksturstengdum hlunnindum starfsmanna kemur, verði eftirfarandi athugað:

- a) Listað verði upp hvaða starfsmenn njóti akstursstyrkja samkvæmt reglum um akstursstyrki vegna aksturs frá heimili að vinnustað og heildargreiðslur hvefrrar stofnunar lagðar fram fyrir árið 2009 og áætlaðar greiðslur fyrir árið 2010 vegna þessa kostnaðarliðar. Þessar upplýsingar verði lagðar fyrir hreppsráð og því falið að móta tillögu um breytingu frá núgildandi reglum, eða niðurfellingu þeirra, ef ástæða verður talin vera til þess.
- b) Lagður verði fram listi í hreppsráði yfir alla starfsmenn sem njóta skv. ráðningarkjörum/ráðningarsamningi fastra akstursstyrkja án þess að um sérstaklega greindan akstur sé að ræða (fá bílastyrki). Lagðar verði fram upplýsingar um heildargreiðslur hvefrrar stofnunar á árinu 2009 og áætlaðar greiðslur árið 2010 vegna þessa kostnaðarliðar. Lagt er til að hreppsráði verði falið að leggja fram tillögu um breytingar á þessum hlunnindum og þ.m.t. mögulegar uppsagnir slíkra samninga ef ástæða verður talin vera til þess.
- c) Lagðar verði fram upplýsingar í hreppsráði um bílarekstur sveitarfélagsins á eigin bílum, rekstrarleigubílum og bílaleigubílum og kostnað hvefrrar stofnunar vegna þessa kostnaðarliðar á árinu 2009 og áætlaðan kostnað árið 2010. Einnig verði upplýst í hreppsráði hvaða starfsmenn, ef einhverjir, noti þessa bíla til aksturs milli heimilis og vinnustaðar. Hreppsráði verði falið að leggja fram tillögur um breytta hætti í þessum atriðum ef ástæða verður talin vera til þess.
- d) Þar sem um starfstengd kjör er að ræða sem snerta afkomu og kjör einstaklinga sem ráðið hafa sig til starfa hjá sveitarfélaginu, er lagt til að hreppsráði verði falið að fjalla um þessi málefni og móta tillögur samkvæmt framangreindum liðum til hreppsnefndar um þær breytingar sem taldar verða nauðsynlegar og til hagræðingar mega verða. Leitast verði við að skerða kjör almennra starfsmanna eins lítið og komist verði af með.

Greinargerð:

Rík ástæða er til þess að vanda mjög til alls undirbúnings að breytingu á ráðningarkjörum almennra starfsmanna og stjórnenda sveitarfélagsins. Nauðsynlegt er að hreppsráð fái tækifæri til þess að skoða allar upplýsingar um þetta málefni í heild og til þess að leggja fram vel rökstudda tillögu fyrir hreppsnefnd að þeirri skoðun lokinni. Starfsmenn Rangárþings ytra eiga fullt í fangi með, eins og almenningur á Íslandi almennt, að láta enda ná saman í heimilisrekstrinum og því er það ekki réttlæt看legt að láta kjaraskerðingu koma fram fyrirvaralaust og án rækilegrar skoðunar á reglum sem um viðkomandi kjör gilda.

Fulltrúar D-listans í hreppsnefnd Rangárþings ytra,

Guðmundur Ingi Gunnlaugsson

Þorgils Torfi Jónsson

Anna María Kristjánsdóttir“



Breytingartillaga D-lista er borin upp til samþykkis:

Þrír aðilar greiða atkvæði með breytingartillögu D-lista (GIG, ÞTJ, AMK) en fjórir greiða atkvæði á móti (GP, MÝS, ST, MHG).

*Breytingartillaga D-lista er felld.*

Tillaga Á-lista er tekin til afgreiðslu:

Fjórir aðilar greiða atkvæði með tillöggunni (GP, MÝS, ST, MHG), en þrír greiða atkvæði á móti (GIG, ÞTJ, AMK).

*Tillaga Á-lista er samþykkt.*

Sveitarstjóra er falið að móta tillögur er varða allar aðrar akstursgreiðslur á vegum sveitarfélagsins og leggja þær fyrir sveitarstjórn.

Samþykkt með fjórum atkvæðum (GP, MÝS, ST, MHG), tveir eru á móti (GIG, ÞTJ) og einn situr hjá (AMK).

*Tillagan er samþykkt.*

12. Tillaga frá Á-lista um kostnaðarpáttöku fulltrúa sveitarfélagsins í fjármálaráðstefnu sveitarfélaga, dags. 4. október 2010.

Tillagan er eftirfarandi:

„Árleg fjármálaráðstefna sveitarfélaga verður haldin fimmtudaginn 14. og föstudaginn 15. október 2010 á Hilton Reykjavík Nordica hóteli.

Lagt er til að allir aðalmenn sveitarstjórnar, eða varamenn þeirra, eigi kost á þátttöku í ráðstefnunni og greiði sveitarfélagið þátttökugjald fulltrúanna. Ekki verða greidd laun vegna veru sveitarstjórnarfulltrúa á ráðstefnunni og ekki verður greitt fyrir akstur og gistingu í tengslum við ráðstefnuna.“

Fulltrúar D-lista leggja fram eftirfarandi breytingartillögu:

„Breytingartillaga við tillögu um þátttöku Rangárbings ytra í kostnaði vegna þátttöku fulltrúa sveitarfélagsins í fjármálaráðstefnu sveitarfélaga skv. 12. lið dagskrár 7. fundar hreppsnefndar, lögð fram á fundi hreppsnefndar Rangárbings ytra þ. 7. október 2010:

Lagt er til að eftirfarandi regla verði viðhöfð varðandi greiðslu kostnaðar vegna fulltrúa sveitarfélagsins á fjármálaráðstefnu Sambands íslenskra sveitarfélaga á árinu 2010:

- a) Öllum aðalfulltrúum í hreppsnefnd Rangárbings ytra verði heimilað, svo sem tíðkast hefur um langt árabli, að sækja fjármálaráðstefnu Sambands íslenskra sveitarfélaga þ. 14. og 15. október 2010. Sæki aðalfulltrúar ekki ráðstefnuna, verði varamönnum þeirra heimilað að sækja hana í þeirra stað. Sveitarfélagið greiði almennan þátttökukostnað vegna ráðstefnunnar þ.m.t. málsverði.
- b) Fulltrúar fái greiddan ferðakostnað sem nemur einni ferð með áætlunarbíl frá Hellu til Reykjavíkur og til baka.
- c) Greiddir verði dagpeningar á ferðum innanlands samkvæmt reglum ferðakostnaðarnefndar ríkisins þá tvo daga sem fjármálaráðstefnan stendur yfir.
- d) Ekki verði um aðrar greiðslur að ræða vegna fjármálaráðstefnunnar á þessu ári.
- e) Framangreindar reglur gildi vegna fjármálaráðstefnunnar á árinu 2010, en þetta málefni verði svo tekið með í þá skoðun og tillögugerð um kjör og aðbúnað kjörinna fulltrúa í sveitarstjórn Rangárbings ytra sem oddvitum Á- og D-lista var falið að gera.

Greinargerð:

Það er rétt að leita hagræðingar á þessum kostnaðarlið eins og öðrum svo sem mögulegt er og ná fram sparnaði. Þó er það ekki réttlæt看legt að þrengja svo að fulltrúum, að þeir þurfi beinlínis að greiða sjálfir vinnutap og óhjákvæmilegan útlagðan kostnað vegna þátttöku í fjármálaráðstefnu allra sveitarfélaga á Íslandi. Ekki hefur heyrst um viðlíka ráðstafanir annarra sveitarfélaga eins og þær sem Á-listinn leggur til. Fjármálaráðstefna Sambands íslenskra sveitarfélaga er viðamesta upplýsingaveita til sveitarstjórnarfulltrúa um fjárhagsleg og efnahagsleg málefni sem völ er á. Ráðstefnan er haldin á þeim tímamarki ár hvert sem fjárhagsáætlunarvinna stendur sem hæst. Það hefur verið talið brýnt að sveitarstjórnarfulltrúar sækji þessa ráðstefnu til upplýsingar um það fjárhagslega umhverfi sem áætlunarvinna hvers árs er unnin við. Á það skal bent, að verði þessi breytingartillaga samþykkt, leiðir hún til umtalsverðrar lækkunar á kostnaði

sveitarfélagsins vegna fjármálaráðstefnunnar frá því sem verið hefur undanfarin ár. Skoða má til framtíðar (oddvitar listanna) hvort aðrar leiðir eru tiltækar til enn frekari sparnaðar vegna þessarar ráðstefnu, en til þess gefst ekki tími nú.

Fulltrúar D-listans í hreppsnefnd Rangárþings ytra,

Guðmundur Ingi Gunnlaugsson

Þorgils Torfi Jónsson

Anna María Kristjánsdóttir“

Breytingartillaga D-lista er borin upp til samþykkis:

Þrjár aðilar greiða atkvæði með breytingartillögu D-lista (GIG, ÞTJ, AMK) en fjórir greiða atkvæði á móti (GÞ, MÝS, ST, MHG).

*Breytingartillaga D-lista er felld.*

Tillaga Á-lista er tekin til afgreiðslu:

Fjórir aðilar greiða atkvæði með tillögunni (GÞ, MÝS, ST, MHG), en þrjár greiða atkvæði á móti (GIG, ÞTJ, AMK).

*Tillaga Á-lista er samþykkt.*

Með tilvísun í lið 11 frá fundi hreppsnefndar Rangárþings ytra, dags. 2. september 2010, þá er vinna í gangi varðandi þóknun fyrir fundi, fjárhagslega umgjörð og önnur störf kjörinn fulltrúa.

Sveitarstjórn leggur áherslu á að þeirri vinnu verði hraðað.

Sex aðilar greiða atkvæði með tillögunni (GÞ, MÝS, ST, MHG, GIG, AMK), en einn situr hjá (ÞTJ).

*Tillagan er samþykkt.*

### 13. Tillaga um staðgengil sveitarstjóra í viku 42, dags. 5. október 2010.

Tillagan er eftirfarandi:

„Lagt er til að Guðfinna Þorvaldsdóttir leysi af sveitarstjóra í komandi viku 42, og að Magnús H. Jóhannsson gegni stöðu oddvita á meðan.“

Fulltrúar D-lista leggja fram eftirfarandi breytingartillögu:

„Breytingartillaga við tillögu um staðgengil sveitarstjóra í viku 42, 2010, skv. 13. lið dagskrár 7. fundar hreppsnefndar, lögð fram á fundi hreppsnefndar Rangárþings ytra þ. 7. október 2010:

Lagt er til, að vegna orlofs sveitarstjóra í vikunni 18. til 22. október 2010, verði skrifstofu sveitarfélagsins falið að taka við erindum sem berast og afhenda sveitarstjóra við endurkomu hans á skrifstofuna. Verði um mjög brýn úrlausnarefni að ræða sem ekki þola bið, geti starfsfólk skrifstofunnar gert sveitarstjóranum aðvart. Sveitarstjórinn leitist þá við að leiðbeina starfsfólki um nauðsynlegar aðgerðir, eða kalli til oddvita hreppsnefndarinnar, formann hreppsráðs eða aðra embættismenn eftir tilefninu til þess að sinna málinu, a.m.k. til bráðabirgða.

Greinargerð:

Það er almennt ekki tíðkað að skipa sérstaka staðgengla framkvæmdastjóra sveitarfélaga vegna orlofstöku þeirra sem varir aðeins í fáa vinnudaga og nær ekki yfir lengra tímabil. Starfsfólk skrifstofu sveitarfélagsins er fullfært um, þessa daga eins og aðra, að taka við erindum og leiðbeina fólki vegna þeirra og upplýsa um mögulegan afgreiðslutíma og svo framvegis. Oddviti hreppsnefndar og formaður hreppsráðs eru væntanlega tiltækir ef í nauðir rekur. Aðrir stjórnendur sveitarfélagsins, bæði á skrifstofunni og annars staðar, eru einnig tiltækir og geta annast allt sem að þeirra verkefnum lýtur. Það þarf svo e.t.v. að skoða til frambúðar, að það sé innbyggt í ráðningarsamning millistjórnanda á skrifstofunni að annast staðgengilsstörf fyrir framkvæmdastjórnann þegar þess gerist þörf. Slík ráðstöfun er þá hluti af starfslýsingu viðkomandi og hluti af reglulegum verkefnum og koma engar sérstakar greiðslur utan fastra launa fyrir það verkefni. Þessi aðferð er víðast hvar ríkjandi, þ.e. að skrifstofustjóri, bæjarritari, fjármálastjóri eða álíka embættismaður, annist þetta verkefni.

Fulltrúar D-listans í hreppsnefnd Rangárþings ytra,

Guðmundur Ingi Gunnlaugsson

Þorgils Torfi Jónsson

Anna María Kristjánsdóttir“

Fulltrúar Á-lista leggja til að tillögu Á-lista verði vísað frá:

*Samþykkt samhljóða.*

Bókun Á-lista:

„Markmið tillögunar var að oddviti mundi formsins vegna leysa sveitarstjóra af og vinna að þeim aðkallandi verkefnum sem nú þegar eru í vinnslu og þola illa bið.

Ekki var ætlunin að oddviti fengi aðrar greiðslur fyrir þetta starf, en fðst mánaðarlaun oddvita. Í ljósi þess að upplýsingar voru ekki nógu skýrar í tillögunni fyrir hreppsnefnd, þá er fallið frá henni.“

**Skipulags- og byggingarmál og tengd erindi til umsagnar og afgreiðslu:**

14. Umsókn um lögbyli; Matthías Magnússon sækir um lögbyli á spildu SH-19 í landi Svínhaga, 851 Hellu, dags. 23. september 2010.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við að stofnað sé lögbyli á lóðinni SH19, í landi Svínhaga landnr. 218366

*Samþykkt samhljóða.*

**Önnur málefni til kynningar:**

15. SASS, fundargerð 41. aðalfundar, haldinn 13. og 14. september 2010 á Selfossi.
16. Atvinnuþróunarfélag Suðurlands, fundargerð 30. aðalfundar, haldinn 13. september á Selfossi.
17. SASS, fundargerð 437. fundar stjórnar, dags. 22. sept. 2010.
18. Brunavarnir Rangárvallasýslu bs., aðalfundarboð 5. október 2010, dags. 24. sept. 2010.

Gunnsteinn R. Ómarsson, sveitarstjóri, fór með umboð sveitarfélagsins á fundinum.

*Samþykkt samhljóða.*

19. Umhverfisstofnun; Fundur varðandi Þjórsárver 7. október 2010, tölvupóstur dags. 1. okt. 2010.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerð lesin yfir og fundi slitið kl. 15.20

# Hreppsnefnd Rangárþings ytra

## Fundargerð

### 8. fundur hreppsnefndar Rangárþings ytra, haldinn að Suðurlandsvegi 1, Hellu, fimmtudaginn 4. nóvember 2010, kl. 13.00

Mætt eru Guðfinna Þorvaldsdóttir, Magnús H. Jóhannsson, Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir, Steindór Tómasson, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Þorgils Torfi Jónsson og Anna María Kristjánsdóttir. Að auki, Gunnsteinn R. Ómarsson, sveitarstjóri, sem ritaði fundargerð og Árni Þorgilsson, frá embætti byggingar- og skipulagsfulltrúa. Oddviti setur fund og stjórnar honum.

#### Fundargerðir hreppsráðs til staðfestingar:

##### 1. Hreppsráð, 6. fundur, dags. 21. okt. 2010.

Varðar 5. lið í fundargerð hreppsráðs:

„5. Húsaleigumál; Gjaldskrá leigu fyrir fasteignir í eigu sveitarfélagsins. Erindi frá Ástu Kristjönu Guðjónsdóttur er varðar húsaleigu í íbúðum á Laugalandi.“

Tillaga Á-lista:

„Endurskoða þarf gjaldskrá leigu og niðurgreiðsur vegna leigugjalds á íbúðum sveitarfélagsins sem eru í útleigu á vegum sveitarfélagsins. Lagt er til að þetta verði unnið samhliða fjárhagsáætlun sveitarfélagsins og sveitarstjóra er falið að leiða vinnuna. Sveitarstjóra er einnig falið að svara bréfitara.“

Guðfinna Þorvaldsdóttir

Magnús H. Jóhannsson

Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir

Steindór Tómasson“

Fjórir aðilar greiða atkvæði með tillöggunni (GP, MHJ, MÝS, ST), þrír sitja hjá (GIG, ÞTJ, AMK).

*Tillagan samþykkt.*

Tillaga lögð fram um að styrkumsókn frá Ungmennafélaginu Framtíðinni (tekin fyrir í fundargerð íþrótt- og tómstundanefndar í lið 3 hér að neðan) verði tekin fyrir sem sér erindi undir lið 10 hér á eftir.

*Samþykkt samhljóða.*

Fundargerð hreppsráðs borin upp til staðfestingar.

*Samþykkt samhljóða.*

#### Fundargerðir til staðfestingar:

##### 2. Vatnsveita Rangárþings ytra og Ásahrepps, 18. fundur, dags. 26. okt. 2010.

Til kynningar.

##### 3. Íþrótt- og tómstundanefnd, 4. fundur, dags. 27. okt. 2010.

Fundargerðin er til kynningar.

Hreppsnefnd þakkar tillögur og áhuga nefndarmanna. Mörg þessara mála eru þegar í vinnslu og verða skoðuð við gerð fjárhagsáætlunar sveitarfélagsins fyrir árið 2011. Sveitarstjóra er falið að vinna með formanni nefndarinnar að tillögum um afgeiðslu mála fyrir hreppsnefnd.

*Samþykkt samhljóða.*

Árni Þorgilsson mætir á fundinn.

##### 4. Skipulagsnefnd Rangárþings bs., 33. fundur, dags. 28. okt. 2010.

170 2010 Framkvæmdaleyfi vegna varnargarða við Hólsá.

Staðfest með fyrirvara um samþykki landeigenda, Fiskistofu og annarra umsagnaraðila.

171 2010 Veiðivötn, Deiliskipulag þjónustusvæðis við Tjaldvatn, í Rangárþingi ytra.

Staðfest með fyrirvara um samþykki landeigenda.

172 2010 Hallstúns deiliskipulag tveggja sumarhúsa og skemmu, Rangárþingi ytra.

Hreppsnefnd bendir á að átt sé við að deiliskipulagstillagan sé samþykkt til auglýsingar og að umsækjanda sé gert að gera tillögu að aðalskipulagsbreytingu samhliða.

Staðfest með fyrirvara um samþykki landeigenda.

*Samþykkt samhljóða.*

173 2010 Deiliskipulag frístundabyggðar á Gaddstöðum, í Rangárþingi ytra.

Staðfest með fyrirvara um samþykki landeigenda.

174 2010 Galtalækur 2, deiliskipulag frístundabyggðar, Rangárþingi ytra.

Staðfest með fyrirvara um samþykki landeigenda.

152-2010 Gata, Rangárþingi ytra.

Staðfest.

153-2010 Lambhagi, Rangárþingi ytra.

Staðfest.

154-2010 Sælukot við Gíslholtsvatn, Rangárþingi ytra.

Staðfest.

149-2010 Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar í Svínhaga, Rangárþingi ytra.

Staðfest.

*Fundargerð skipulagsnefndar samþykkt samhljóða.*

5. Byggingarnefnd Rangárþings bs., 39. fundur, dags. 28. okt. 2010.

510-2010 Hagi, Breiðavík 24, Rangárþingi ytra – byggingarleyfi fyrir viðbyggingu.

Staðfest.

511-2010 Lækjargata 2, Haukadalsmel, Rangárþingi ytra – byggingarleyfi fyrir sumarhúsi.

Staðfest.

512-2010 Miðsel, Rangárþingi ytra – byggingarleyfi fyrir frístundahúsi.

Staðfest.

513-2010 Gata, Rangárþingi ytra – stöðuleyfi fyrir tveimur gámum.

Staðfest.

514-2010 Brekkugerði, Rangárþingi ytra – byggingarleyfi fyrir viðbyggingu.

Staðfest.

515-2010 Maurholt úr landi Ægissíðu 1, Rangárþingi ytra – byggingarleyfi fyrir frístundahúsi.

Staðfest.

516-2010 Sælukot, Rangárþingi ytra – byggingarleyfi fyrir íbúðarhúsi.

Staðfest.

517-2010 Holtsmúli, Rangárþingi ytra, - byggingarleyfi fyrir sumarhúsi og gestahúsi.

Staðfest.

518-2010 Svínhagi H-17, Rangárþingi ytra – byggingarleyfi fyrir sumarhúsi.

Staðfest.

*Fundargerð byggingarnefndar samþykkt samhljóða.*

### **Skipulags- og byggingarmál og tengd erindi til umsagnar og afgreiðslu:**

6. Umsókn um stofnun lögbýlis; Magnús Reynir Ástþórsson og Elfa Björk Benediktsdóttir sækja um stofnun lögbýlis á Beinadalsholti 2, úr landi Bjálmholts í Rangárþingi ytra, skv. erindi móttæknu í október 2010.

Sveitarstjórn vísar umsókninni til skipulagsnefndar til umsagnar.

*Samþykkt samhljóða.*

7. Umsókn um stofnun lögbýlis; Magnús Sigurðsson og Valborg Gestsdóttir sækja um stofnun lögbýlis á Beinadalsholti 1, úr landi Bjálmholts í Rangárþingi ytra, skv. erindi móttæknu í október 2010.

Sveitarstjórn vísar umsókninni til skipulagsnefndar til umsagnar.

*Samþykkt samhljóða.*

8. Umsókn um stofnun lögbýlis; Sigurbjörg Sjöfn Rafnsdóttir sækir um stofnun lögbýlis á Skeifum, úr landi Litla Klofa 2, lóð 4 c, í Rangárþingi ytra, skv. erindi móttæknu 19. október 2010.

Sveitarstjórn vísar umsókninni til skipulagsnefndar til umsagnar.

*Samþykkt samhljóða.*

Árni Þorgilsson vikur af fundi.

9. Tilboð frá Steinsholti sf. í gerð deiliskipulags fyrir miðbæ Hellu og atvinnusvæðis sunnan Suðurlandsvegar, dags. 28. okt. 2010.

Til kynningar.

Samþykkt að setja af stað vinnu vegna gerð deiliskipulags fyrir miðbæ Hellu og atvinnusvæðis sunnan Suðurlandsvegar. Sveitarstjóra falið að ganga til samninga um verkefnið við Steinsholt sf. á þessum grunni.

*Samþykkt samhljóða.*

### **Erindi til umsagnar og afgreiðslu:**

10. Ungmennafélagið Framtíðin; Styrkumsókn varðandi hátíðarhöld 17. júní 2010 í Þykkvabænum, dags. 1. sept. 2010.

Umbeðin styrkumsókn samþykkt.

*Samþykkt samhljóða.*

Hreppsnefnd hvetur forsvarsmenn félagasamtaka í sveitarfélaginu til að sækja um styrki vegna viðburða fyrirfram.

11. HSK; Beiðni um kaup á bókinni HSK í 100 ár, dags. 7. sept. 2010.

Sveitarstjórn samþykkir að kaupa 5 bækur sem færðar verða bókasöfnum í sveitarfélaginu.

*Samþykkt samhljóða.*

Guðfinna Þorvaldsdóttir vikur af fundi. Magnús H. Jóhannsson tekur við stjórn fundarins og Gunnar Aron Ólason tekur sæti á sínum fyrsta sveitarstjórnarfund.

Oddviti býður Gunnar Aron sérstaklega velkominn á sinn fyrsta sveitarstjórnarfund.

12. AFS á Íslandi; Beiðni um styrk á móti húsaleigu í skólahúsnæði í Þykkvabæ, dags. 29. sept. 2010.

Bókun frá D-lista:

„Eðlilegt er að gjaldtaka verði skv. gjaldskrá fyrir íþróttahúsið í Þykkvabæ. Styrkveiting í þessu tilfalli á ekki við.“

Guðmundur Ingi Gunnlaugsson

Þorgils Torfi Jónsson

Anna María Kristjánsdóttir“

Tillaga er um að veita AFS skiptinemasamtökunum, styrk á móti húsaleigu sem var vegna námskeiðs fyrir innlenda sjálfboðaliða.

Tillagan borin undir atkvæði.

Samþykkt með fjórum atkvæðum (MHJ, MÝS, ST, GAÓ), þrír á móti (GIG, ÞTJ, AMK)

*Tillagan samþykkt.*

Sveitarstjóra er falið að fara yfir vinnureglur varðandi útleigu og styrki á móti húsaleigu á húsnæði sveitarfélagsins.

*Samþykkt samhljóða.*

13. Æskulýðsnefnd kirkna í Rangárvallasýslu; Beiðni um fjárstyrk, dags. 8. október 2010.

Sveitarstjórn samþykkir að verða við styrkumsókninni.

*Samþykkt samhljóða.*

14. Kvenfélagið Eining Holtum; Beiðni um beiðni um styrk á móti húsaleigu og fjárstyrk vegna Aðventuhátíðar 28.nóvember nk. dags. 18. okt. 2010.

Samþykkt að veita styrk á móti húsaleigu á Laugalandi er varðar hlut Rangárþings ytra og umbeðinn fjárstyrk.

*Samþykkt samhljóða.*

15. Fyrirspurn frá fulltrúum D-listans um málefni félagsmiðstöðvarinnar og ungmennaráðs, mótt. 1. nóv. 2010.

1. Hvenær stendur til að félagsmiðstöðin hefji starfsemi sína á þessu hausti ?
2. Hefur verið haft samráð við ungmennaráð sveitarfélagsins um starfsemi félagsmiðstöðvarinnar ?
3. Hefur ungmennaráði verið boðið að koma á fund sveitarstjórnar ?
4. Hefur leigu á húsnæði félagsmiðstöðvarinnar að Suðurlandsvegi 3 verið sagt upp, eða stendur til að gera það ?
5. Ef leigu á húsnæðinu hefur verið sagt upp, hvert mun félagsmiðstöðin flytja ?
6. Hefur verið gengið frá stjórnun og umsjón félagsmiðstöðvarinnar á yfirstandandi vetri og hvernig er skipulag rekstrarins nú ?

Greinargerð Á-lista er varðar starfsemi félagsmiðstöðvar Rangárþings ytra og Ásahrepps.

1. Starfsemi félagsmiðstöðvar hefur síðastliðin ár verið í leiguhúsnæði á Suðurlandsvegi 3, á Hellu. Húsaleiga er 1,5 m.kr. á ári. Félagsmiðstöðin hefur eingöngu verið starfandi að vetri til og húsnæðið þá ekki nýtt utan skólatíma yfir sumarið. Nýting húsnæðisins er því lítil og mikilvægt að huga betur að nýtingu fjármagns sem í húsið fer. Sveitarfélagið á húsnæði sem ekki er fullnýtt og að auki stendur húsnæði grunnskólanna autt eftir að skóla lýkur á daginn. Því þykir okkur nauðsynlegt að leita allra leiða til að nýta þetta húsnæði betur en gert er. Félagsmiðstöðin mun taka til starfa í næstu viku.
2. Fulltrúar 42 nemenda Grunnskólans á Hellu óskuðu eftir fundi með oddvita þann 19. október s.l. og afhentu undirskriftalista 42 nemenda. Þar kom fram að mikill áhugi er á að félagsmiðstöð væri starfandi og að tvisvar í mánuði væri í lagi ef það væri félagslíf á móti hina vikuna í skólunum. Er það í samræmi við reynslu s.l. árs en þá var þátttaka ekki mikil þegar starfsemi var tvisvar í viku í félagsmiðstöðinni og líka í skólunum. Ekki hefur verið haft samráð við ungmennaráð vegna félagsmiðstöðvarinnar.
3. Sveitarstjóri, oddviti, skólastjórar grunnskóla og formaður íþróttá- og tólmstundanefndar hafa fundað um leiðir til að reka félagsmiðstöðina. Þeir hafa komist að samkomulagi um að félagsmiðstöð verði rekin undir Grunnskólanum á Hellu og verði starfrækt tvisvar í mánuði og að tvisvar í mánuði verði skipulagt félagsstarf í skólunum á móti. Á þennan hátt væri eitthvað um að vera í hverri viku hjá nemendum.
4. Ungmennaráð hefur ekki verið boðað til fundar við sveitarstjórn. Til stendur að ráðið verði á næstunni boðað til fundar við íþróttá- og tólmstundanefnd og í framhaldinu á fund sveitarstjórnar.
5. Leigusamningi við Verkalýðshúsið hefur því verið sagt upp varðandi félagsmiðstöðina, en starfsemi verður að öllum líkindum í húsnæðinu út uppsagnarfrest leigunnar til vorsins 2011. Grunnskólarnir geta notað húsnæði félagsmiðstöðvar eins og þurfa þykir og farið með nemendum ef það hentar varðandi kennslu eða önnur verkefni á vegum skólans. Stefnt er að því að starfsemi félagsmiðstöðvarinnar flytjist í húsnæði grunnskólans á Hellu þegar uppsagnarfresti núverandi húsnæðis lýkur. Akstur verður ekki skipulagður varðandi starfsemi félagsmiðstöðvar. Í ljósi þessa

sem áður er talið og vegna sparnaðar í akstri má þá frekar koma til móts við nemendur með nýjungar í dagskrá félagsmiðstöðvarinnar, t.d. að kanna með froðuball eða annað sem ekki hefur verið fjármagn til.

6. Áhersla verður á að starfsemin og annað sem fellur undir félagsmiðstöðina verði í samráði við nemendur og foreldra til að skapa sem bestan árangur og sátt um starfið. Samkomulag er við skólastjórnendur um utanumhald félagsmiðstöðvarinnar og mun Ólafur Örn Oddsson, starfsmaður grunnskólans á Hellu, hafa umsjón með rekstrinum.

Bókun fulltrúa D-lista:

„Málefni félagsmiðstöðvar Rangárþings ytra og Ásahrepps hafa verið í ólestri það sem af er hausti 2010. Félagsmiðstöðin hefur verið lokuð og ekkert hefur verið ljóst um opnunartíma eða umsjón með henni. Þetta getur ekki verið ásættanlegt ástand eða til eftirbreytni. Ungmennaráð Rangárþings ytra tók til starfa fyrr á þessu ári og átti m.a. fund með hreppsnefndinni um málefni ungmenna. Ekkert samráð hefur verið haft við ungmennaráðið á þessu hausti um málefni félagsmiðstöðvarinnar eða önnur mál sem tengjast þessum aldurshópi. Ekkert samráð hefur verið haft við foreldrafélög um málefni félagsmiðstöðvarinnar. Sú tillaga sem fyrir liggur um opnun tvisvar í mánuði, eina kvöldstund í senn, er óljós og ekki liggur fyrir hverja eða hvaða aldurshóp sú opnun á að vera. Óvissa er um húsnæðismál félagsmiðstöðvarinnar eftir uppsögn á húsaleigusamningi að Suðurlandsvegi 3. Staða mála félagsmiðstöðvarinnar nú er mikil afturför frá því sem verið hefur undanfarin ár og verður að átélja þann seina- og vandræðagang hjá meirihluta Á-listans, sem verið hefur undanfarnar vikur í þessu máli.

Fulltrúar D-listans í hreppsnefnd Rangárþings ytra,

Guðmundur Ingi Gunnlaugsson

Þorgils Torfi Jónsson

Anna María Kristjánsdóttir“

Bókun Á-lista vegna bókunar D-lista:

„Málefni félagsmiðstöðvarinnar eru í góðum farvegi. Mikið samráð hefur verið haft við unga fólkið og rödd þeirra komist vel til skila sbr. fund fulltrúa nemenda með oddvita. Markmið Á-listans og trú er að þessar aðgerðir muni efla innra starf félagsmiðstöðvar til langframa þar sem stjórnun verður í góðum höndum og umtalsverðar fjárhæðir munu sparast með þessari hagræðingu.

Vinna Á-listans er markviss í þessu máli, og verður að skoðast í því samhengi að fjárhagsleg staða sveitarfélagsins hefur sjaldan eða aldrei verið verri en nú.

Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir

Magnús H. Jóhannsson

Steindór Tómasson

Gunnar Aron Ólason“

16. Stjórnarfundur á Lundi, liður 3, ábyrgð vegna yfirdráttarheimildar, í fundargerð dags. 27. ágúst 2010 til staðfestingar.

Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir vekur athygli á hugsanlegu vanhæfi sínu til afgreiðslu málsins og viku af fundi.

Fram kemur að stjórn Lundar hefur skrifað undir sjálfskuldarábyrgð vegna yfirdráttarheimildar f.h. sveitarfélaganna sem standa að Lundi. Ábyrgðin stendur í 10 m.kr. og lækkar úr 30 m.kr.

Sveitarstjórn staðfestir undirritunina.

*Samþykkt samhljóða.*

Margrét mætir á fund.

#### **Fundargerðir til kynningar:**

17. Samband íslenskra sveitarfélaga, 777. fundur, dags. 22. sept. 2010.
18. Samband íslenskra sveitarfélaga, 778. fundur, dags. 29. sept. 2010.
19. Sorpstöð Rangárvallasýslu bs., 120 fundur, dags. 12. okt. 2010.
20. Samband íslenskra sveitarfélaga, 779. fundur, dags. 13. okt. 2010.



21. Sorpstöð Suðurlands bs., 195. fundur, dags. 19. okt. 2010.
22. Félagsmálanefnd Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu, 3. fundur, dags. 20. okt. 2010.
23. Félagsþjónusta Rangárvallasýslu bs., 35. fundur, dags. 29. okt. 2010.
24. Verkfundur v/Öldur III, dags. 29. okt. 2010.
25. Minnisþing frá fundi um málefni félagsmiðstöðvar, dags. 1. nóv. 2010.

Fundur með skólastjórnendum, umsjónarmanni félagsmiðstöðvar, formanni íþróttá- og tómstundanevndar, sveitarstjóra og oddvita. Á fundinum var undirbúningsvinna vegna breytinga á fyrirkomulagi félagsmiðstöðvarinnar kynnt. Aðkoma nemenda að málum var rædd og undirskriftalisti nemenda með áskorun um áframhaldandi rekstur félagsmiðstöðvar lagður fram. Ákvörðun tekin um að færa starfsemi félagsmiðstöðvarinnar í húsnæði grunnskólans á Hellu og að utanumhald félagsmiðstöðvarinnar verði í höndum starfsmanna grunnskólanna. Ólafur Örn Oddsson, starfsmaður grunnskólans á Hellu, hefur umsjón með félagsmiðstöðinni. Félagsmiðstöðin mun fyrst um sinn verða starfrækt í núverandi húsnæði og verður opin tvisvar í mánuði. Ekki verður boðið upp á akstur barna í tengslum við starfsemi félagsmiðstöðvar.

Til kynningar.

#### **Fundargerðir til kynningar:**

26. Umhverfisstofnun; Vegna refaveiða á uppgjörstímabilinu 1. september 2010 til 31. ágúst 2011, dags. 11. okt. 2010.
27. Félagsþjónusta Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu bs., aðalfundarboð, dags. 29. okt. 2010.  
Margræti Ýrr Sigurgeirsdóttur falið að fara með atkvæðisrétt sveitarfélagsins á fundinum.  
*Samþykkt samhljóða.*
28. Innheimtumál, með tilvísun í lið 2 í fundargerð hreppsnefndar frá 4. fundi, dags. 20. júlí 2010.  
Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að endurskipuleggja innheimtumál sveitarfélagsins. Jafnframt felur sveitarstjórn sveitarstjóra að segja upp samningum við Intrum á Íslandi ehf. og Lögheimtuna ehf.  
*Samþykkt samhljóða.*
29. Mötuneyti grunnskólans á Hellu, með tilvísun í lið 6 í fundargerð hreppsnefndar frá 1. fundi, dags. 14. júní 2010

Oddviti lagði fram greinargerð, sem unnin var í samvinnu við skólastjóra Grunnskólans á Hellu, um aðdraganda og undirbúningsvinnu sem farið var í eftir að ákveðið var að endurskoða rekstrarfyrirkomulag mötuneytisins sem starfrækt er í íþróttahúsinu á Hellu. Einnig er lögð fram stefna mötuneytisins, en ákvörðun var tekin um að fela skólastjóra að gerast yfirmaður mötuneytisins og bera ábyrgð á daglegum rekstri þess.

Hafist var handa við hugmyndavinnu og skoðaðar voru nýjar leiðir m.a. að elda á einu stað fyrir alla skóla í sveitarfélaginu, eða að semja um eldamennsku við utanaðkomandi aðila. Niðurstaða varð að vel athuguðu máli að hafa óbreytt fyrirkomulag er varðaði staðsetningu mötuneytis.

Endurmetin og samræmd voru starfshlutföll og laun starfsmanna mötuneyta skólanna og með því var hægt að ná að fram sparnaði í rekstrinum. Skólastjóri hefur sett á fót samráðsnefnd um rekstur mötuneytisins, en í henni eiga sæti þrír fulltrúar foreldra og tveir fulltrúar starfsmanna.

Einnig var hafist handa við að búa til nýja stefnu fyrir mötuneyti skólans, sem yrði þróuð áfram í samræmi við væntingar nemenda og foreldra.

Til kynningar.

Sveitarstjórn óskar oddvita sveitarfélagsins innilega til hamingju með stórafmælið og felur sveitarstjóra að færa henni blómvönd frá sveitarfélaginu í tilefni dagsins.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerð lesin yfir og fundi slitið kl. 16.35

# Hreppsnefnd Rangárþings ytra

## Fundargerð

### 9. fundur hreppsnefndar Rangárþings ytra, haldinn að Suðurlandsvegi 1, Hellu, fimmtudaginn 2. desember 2010, kl. 13.00

Mætt eru Guðfinna Þorvaldsdóttir, Magnús H. Jóhannsson, Steindór Tómasson, Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Þorgils Torfi Jónsson og Anna María Kristjánsdóttir. Að auki, Gunnsteinn R. Ómarsson, sveitarstjóri, sem ritar fundargerð, Indriði Indriðason, fjármálastjóri, og Rúnar Guðmundsson, skipulags- og byggingafulltrúi.

Oddviti setur fund og stjórnar honum.

#### Fundargerðir hreppsráðs til staðfestingar:

1. Hreppsráð, 7. fundur, dags. 18. nóv. 2010.

Vegna liðar 1 í fundargerðinni þakkar hreppsnefnd Flugbjörgunarveitinni fyrir afnot af bifreiðum sveitarinnar í ferð nefndarinnar um Rangárvallafrétti þann 11. okt. 2010.

Vegna liðar 3 í fundargerðinni frestar sveitarstjórn fyrirtöku gjaldskrár fyrir leikskólann Heklukot og leikskólann á Laugalandi til næsta sveitarstjórnarfundar.

*Samþykkt.*

Vegna liðar 5 í fundargerðinni samþykkir sveitarstjórn að taka þátt í stofnun byggðasamlags um eldvarnaeftirlit með þeim fyrirvara að leitað verði hagkvæmstu leiða við reksturinn, þ.m.t. möguleg samlegðaráhrif vegna annarra samstarfsverkefna, s.s. byggðasamlags um brunavarnir og byggðasamlags um skipulags- og byggingafulltrúa. Eðlilegt er að stofnsamningur fyrir nýtt byggðasamlag sé í samræmi við stofnsamninga áður nefndra byggðasamlaga.

*Samþykkt.*

Tillaga:

Vegna liðar 7 í fundargerðinni samþykkir sveitarstjórn að veita styrk á móti húsaleigu en hafnar erindinu að öðru leyti.

*Samþykkt með fjórum atkvæðum og þrjú sitja hjá (GIG, ÞTJ, AMK).*

Fundargerð hreppsráðs að öðru leyti borin upp til staðfestingar.

*Fundargerðin er samþykkt samhljóða.*

2. Hreppsráð, 8. fundur, dags. 30. nóv. 2010.

Fundargerð hreppsráðs borin upp til staðfestingar.

*Fundargerðin er samþykkt samhljóða.*

#### Fundargerðir til staðfestingar:

3. Samgöngu-, hálendis- og umhverfisnefnd, 7. fundur, dags. 23. nóv. 2010.

Til kynningar.

4. Skipulagsnefnd Rangárþings bs., 34. fundur, dags. 25. nóv. 2010.

093 2009 Heiðarlækur, deiliskipulag í Rangárþingi ytra.

*Afgreiðsla skipulagsnefndar staðfest.*

176 2010 Umsókn frá Sighvati Lárussyni, Hvammi í Holtum, Rangárþingi ytra, um leyfi frá Rangárþingi ytra til að nota veg í gegnum Laugaland sem aðkomu að landi Hvamms.

Skipulagsnefnd varð ekki við erindinu þar sem ekki liggur fyrir deiliskipulag af umræddu svæði.

*Afgreiðsla skipulagsnefndar staðfest.*

177 2010 Umsókn frá Oddi Hermannssyni f.h. Ferðafélags Íslands kt. 530169-3759, um stöðuleyfi fyrir litlum skála sem notast vegna hálendisgæslu í og við Landmannalaugar. Óskað er eftir stöðuleyfi til haustsins 2011.

*Afgreiðsla skipulagsnefndar staðfest.*

178 2010 Umsókn frá Magnúsi Reyni Ástþórssyni kt. 031156-4759 og Elfu Björk Benediktsdóttur kt. 240756-2349, um leyfi til að skrá landspildu þeirra Beindalsholt 2, í Holtum, sem lögbýli.

*Afgreiðsla skipulagsnefndar staðfest.*

179 2010 Umsókn frá Magnúsi Sigurðssyni kt. 251259-2249 og Valborgu Gestsdóttir kt. 010167-4859, um leyfi til að skrá landspildu þeirra Beindalsholt 1, í Holtum, sem lögbýli.

*Afgreiðsla skipulagsnefndar staðfest.*

180 2010 Umsókn frá Sigurbjörgu Sjöfn Rafnsdóttur kt. 160855-7469 um leyfi til stofnunar lögbýlis á Skeiðum, úr Landi Litla-Klofa 2, lóð C4, landnr. 209914 í Rangárþingi ytra.

*Afgreiðsla skipulagsnefndar staðfest með 5 atkvæðum, tveir sitja hjá (GIG, ÞTJ).*

Oddvita og skipulags- og byggingafulltrúa falið að kanna samspil landbúnaðar- og frístundahúsasvæða í aðalskipulagi í samræmi við umræður á fundinum.

181 2010 Umsókn frá Alberti Guðmundssyni verkefnisstjóra hjá Landsvirkjun, þar sem hann sækir um f.h. Landsvirkjunar leyfi til að setja upp veður-rannsóknarmastur í grennd við Ísakot, austan Þjórsár.

*Afgreiðsla skipulagsnefndar staðfest.*

5. Byggingarnefnd Rangárþings bs., 40. fundur, dags. 25. nóv. 2010.

526-2010 Litli-Klofi 2, lóð C4, Rangárþingi ytra – byggingarleyfi fyrir hesthúsi.

*Afgreiðsla byggingarnefndar staðfest.*

527-2010 Hellar, Rangárþingi ytra – stöðuleyfi fyrir gestahúsi.

*Afgreiðsla byggingarnefndar staðfest.*

528-2010 Varmidalur, Rangárþingi ytra – stöðuleyfi fyrir húsi.

*Afgreiðsla byggingarnefndar staðfest.*

529-2010 Svínhagi H-52, Rangárþingi ytra – byggingarleyfi fyrir sumarhúsi.

*Afgreiðsla byggingarnefndar staðfest.*

Rúnar vikur af fundi.

#### **Erindi til umsagnar og afgreiðslu:**

6. SASS; Þjónustusamningur við sveitarfélagið Árborg vegna málefna fatlaðra, dags. 15. nóv. 2010.

Lagt fram til kynningar

Sveitarstjórn samþykkir að mynda vinnuhóp til að vinna að hagsmunamálum um málefni fatlaðra og gera tillögu til sveitarstjórnar í samræmi við erindið.

Tillaga um að eftirtalda aðila: Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, Hafdís Garðarsdóttir og Sigrún Ólafsdóttir.

Margréti Hörpu er falið að kalla saman fund. Sveitarstjóra og félagsmálastjóra falið að vinna með hópnum að tillögugerðinni.

*Samþykkt með 6 atkvæðum, einn situr hjá við afgreiðsluna (MHG).*

7. SASS; Umboð til stjórnar þjónustusvæðis vegna málefna fatlaðra, dags. 22. nóv. 2010.

Sveitarstjórn veitir stjórn þjónustusvæðis vegna málefna fatlaðra umboð til að annast almenna stjórnun á grundvelli samnings þar um.

*Samþykkt samhljóða.*

8. Árshlutauppgjör fyrir Rangárþing ytra vegna fyrstu 9 mánaða ársins 2010.

Lagt fram til kynningar.

Til upplýsinga eru helstu niðurstöður A og B hluta (samstæðu) eftirfarandi:

Rekstrarniðurstaða jákvæð um 13,7 mkr. Veltufjármunir 248,2 mkr. Skammtímaskuldir 752,2 mkr. Veltufjárhlutfall 0,34. Veltufé frá rekstri 53,2 mkr. Afborganir langtímalána 55,7 mkr. Heildartekjur 734,5 mkr. Heildarskuldir og skuldbindingar 1.954,3 mkr.

9. Heimild til bifreiðarkaupa fyrir sveitarfélagið.

Sveitarstjóri óskar eftir heimild sveitarstjórnar fyrir því að keypt verði bifreið fyrir sveitarfélagið. Um er að ræða 7 ára gamlan bíl, tegund Honda Jazz. Verð á umræddri bifreið er 800 þús. kr. Bíllinn mun nýtast starfsfólki og sveitarstjórnarmönnum vegna funda og annarra erinda sem þeir sinna fyrir sveitarfélagið. Geta má þess að fyrir var önnur bifreið í rekstri hjá sveitarfélaginu sem var mun dýrari í rekstri en ofangreind bifreið en búið er að skila þeim bíl til leigusala.

*Samþykkt með fjórum atkvæðum, einn er á móti (GIG) og tveir sitja hjá (ÞTJ, AMK).*

10. Endurskoðuð fjárhagsáætlun fyrir árið 2010.

Engar forsendur liggja fyrir þess efnis að ástæða sé til að endurskoða fjárhagsáætlun ársins 2010.

*Samþykkt samhljóða.*

11. Lánasjóður Sveitarfélaga; Heimild Rangárþings ytra til lántöku.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkir hér með að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð 100.000.000 kr. til 14 ára, í samræmi við lánstilboð sem liggur fyrir fundinum. Til tryggingar láninu standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 3. mgr. 73. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998. Er lánið tekið til að standa straum að fjárfestingum í gatnagerð, grunnskóla, leikskóla og fleiri fjárfestingum hjá sveitarfélaginu, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Jafnframt er Gunnsteini R. Ómarssyni, sveitarstjóra, kt. 110870-4939, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Rangárþings ytra að undirrita lánsamning eða skuldabréf við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari.

*Samþykkt samhljóða.*

12. Fjárhagsáætlun 2011, fyrri umræða.

Fyrri umræða fór fram.

Bókun D-lista.

„Bókun D-lista vegna tillögu að fjárhagsáætlun 2011, til fyrri umræðu, lögð fram á fundi hreppsnefndar Rangárþings ytra þ. 2. desember 2010:

Takmarkaðar upplýsingar um forsendur að tillögu að fjárhagsáætlun 2011 hafa komið fram með tillögunni sjálfri og í umræðu á fundi hreppsnefndar Rangárþings ytra þ. 2. desember 2010 þar sem hún er lögð fram til fyrri umræðu. Ekki hafa verið lagðar fram nægar upplýsingar um forsendur að tekjuáætlun tillögunnar. Tillögur um fasteignaskattsprósentur og aðrar álagningarprósentur hafa ekki verið lagðar fram. Að mati fulltrúa D-listans er því lítill grundvöllur til frekari umræðna eða skoðanaskipta um efni tillögunnar á fundi hreppsnefndar í dag. Fulltrúar D-listans styðja það að tillögunni verði vísað til síðari umræðu í hreppsnefndinni sem gæti orðið fyrir lok desember mánaðar 2010. Fulltrúar D-listans telja að rík ástæða sé fyrir ítarlegri yfirferð á tillögunni og skoðun á forsendum hennar í samstarfi beggja listanna í sveitarstjórninni á milli umræðna. Þessi vinna gæti farið fram í hreppsráðinu eða fullskipaðri hreppsnefnd eftir því sem hreppsnefndin teldi vænlegast. Fulltrúar D-listans vilja leggja sitt af mörkum til þess að væntanleg fjárhagsáætlun Rangárþings ytra fyrir árið 2011 verði afgreidd í sátt og samstarfi allra fulltrúa í hreppsnefndinni. Fulltrúar D-listans lýsa sig reiðubúna til fundahalda og vinnu til þess að fara yfir forsendur tillögunnar með sveitarstjóranum og fulltrúum Á-listans og til þess að rýna tillögur forstöðumanna stofnana svo ná megi samstöðu um niðurstöður.

Fulltrúar D-listans í hreppsnefnd Rangárþings ytra,

Guðmundur Ingi Gunnlaugsson

Porgils Torfi Jónsson

Anna María Kristjánsdóttir“

Bókun Á-lista:

„Á-listi hefur falið starfsmönnum sveitarfélagsins að vinna að tillögugerð fjárhagsáætlunar 2011. Allir kjörnir fulltrúar, bæði Á- og D-lista, hafa haft jafna aðkomu að þessari vinnu. Hugmyndafræðin að þessum nýju vinnubrögðum er að treysta faglega ráðnu stafsólki til að koma með áreiðanlega tillögu að áætluninni. Fulltrúar Á-listans telja það hlutverk sveitarstjórnarmanna að móta stefnu sveitarfélagsins en hlutverk starfsfólks að vinna áætlun í samræmi við þá stefnu.

Vert er að benda á að allar forsendur framlagðrar tillögu að fjárhagsáætlun 2011 liggja fyrir og eru sveitarstjórnarmönnum aðgengilegar. Þessar forsendur eru sérstaklega tilteknaðar í forsendulið áætlunarinnar, þ.m.t. álagningahlutföll.

Á-listinn tekur undir það að mikilvægt er að góð samvinna sé við gerð fjárhagsáætlunar og að allir sveitarstjórnarmenn komi að þeirri vinnu. Auk þess telur Á-listinn mikilvægt að íbúar sveitarfélagsins séu vel upplýstir og komi að þessari vinnu jafnframt. Því leggur Á-listinn til að haldinn verði íbúafundur milli umræðna um fjárhagsáætlun þar sem vinnan verður kynnt og tekið verður við ábendingum.

Fulltrúar Á-listans í sveitarstjórn Rangárþings ytra,

Guðfinna Þorvaldsdóttir

Magnús H. Jóhannsson

Margrét Harpa Guðsteinsdóttir

Steindór Tómasson“

Fram kom á fundinum að útsending á forsendulið áætlunarinnar misfórst en forsendurnar voru lagðar fram á fundinum.

Sveitarstjórn ákveður að boða til íbúafundar vegna fjárhagsáætlunar 2011 og felur sveitarstjóra að finna tíma og fundarstað í samráði við oddvita Á- og D-lista.

*Samþykkt samhljóða.*

Tillögu að fjárhagsáætlun 2011 vísað til síðari umræðu.

*Samþykkt samhljóða.*

#### **Fundargerðir til kynningar:**

13. Stjórn þjónustusvæðis málefna fatlaðra á Suðurlandi, 1. fundur, dags. 12. okt. 2010.
14. Samband íslenskra sveitarfélaga, 781. fundur, dags. 10. nóv. 2010.
15. Stjórn þjónustusvæðis málefna fatlaðra á Suðurlandi, 2. fundur, dags. 12. nóv. 2010.
16. Stjórn SASS, 438. fundur, dags. 12. nóv. 2010.
17. Sorpstöð Rangárvallasýslu bs., 121 fundur, dags. 15. nóv. 2010.
18. Sorpstöð Suðurlands bs., 196. fundur, dags. 18. nóv. 2010.
19. Atvinnuþróunarfélags Suðurlands, 296. fundur, dags. 18. nóv. 2010.
20. Samráðsnefnd Rangárþings ytra og Ásahrepps, fundur dags. 24. nóv. 2010.
21. Sorpstöð Rangárvallasýslu bs., 122. fundur, dags. 25. nóv. 2010.

Fundargerðin staðfest.

*Samþykkt samhljóða.*

#### **Fundaboð og kynningarefni:**

22. Minnisblað frá fundi fulltrúa Rangárþings ytra með fulltrúum Vegagerðarinnar, dags. 18. nóv. 2010.
23. Veidifélag Hróarslækjar; Aðalfundarboð.

Sveitarstjórn felur varaoddvita, Magnúsi H. Jóhannssyni, að fara með atkvæði sveitarfélagsins á aðalfundinum sem haldinn verður 8. des. 2010.

*Samþykkt samhljóða.*

24. Rangárhöllin ehf.; Aðalfundarboð.

Sveitarstjórn felur oddvita, Guðfinnu Þorvaldsdóttur, að fara með atkvæði sveitarfélagsins á aðalfundinum sem haldinn verður 9. des. 2010.

*Samþykkt samhljóða.*

25. Rangárbakkar, hestamiðstöð Suðurlands ehf.; Aðalfundarboð.

Sveitarstjórn felur oddvita, Guðfinnu Þorvaldsdóttur, að fara með atkvæði sveitarfélagsins á aðalfundinum sem haldinn verður 9. des. 2010.

*Samþykkt samhljóða.*

26. Samantekt frá fundi um göngu-, hlaupa- og hjólaleiðakorts, dags. 18. nóv. 2010, skv. bókun við lið 2 frá 7. fundi hreppsráðs, dags. 8. nóv. 2010.

27. Umhverfisráðuneytið; Áhrif rusls og úrgangs á lífríki hafs, bréf dags. 24. nóv. 2010.

Sveitarstjóra og varaoddvita, Magnúsi H. Jóhannssyni, falið að svara erindinu í samráði við umhverfisnefnd.

*Samþykkt samhljóða.*

28. Plan 21 ehf.; kynning á þjónustu og beiðni um fund, skv. bréfi dags. 26. nóv. 2010.

29. Lífeyrissjóður Rangæinga; Suðurlandsvegur 1-3 ehf., skv. bréfi dags. 26. nóv. 2010.

30. Ályktun SAMAN-hópsins vegna skemmtana fyrir unglinga undir lögaldri á veitingastöðum.

31. Atvinnuþróunarfélag Suðurlands; 30. aukaaðalfundur, dags. 3. des. 2010, dagskrá og rekstraráætlun.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerð lesin yfir og fundi slitið kl. 16.30

# Hreppsnefnd Rangárþings ytra

## Fundargerð

### 10. fundur hreppsnefndar Rangárþings ytra, haldinn að Suðurlandsvegi 1, Hellu, fimmtudaginn 16. desember 2010, kl. 13.00

Mætt eru Guðfinna Þorvaldsdóttir, Magnús H. Jóhannsson, Steindór Tómasson, Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Þorgils Torfi Jónsson og Anna María Kristjánsdóttir. Að auki, Gunnsteinn R. Ómarsson, sveitarstjóri, sem ritar fundargerð, Indriði Indriðason, fjármálastjóri, og Rúnar Guðmundsson, skipulags- og byggingafulltrúi.

Oddviti setur fund og stjórnar honum.

#### Fundargerðir til staðfestingar:

1. Atvinnu- og menningarmálanefnd, 2. fundur, dags. 22. nóv. 2010.

Tillaga um að fundargerð atvinnu- og menningarmálanefndar frá 2. fundi þ. 22. nóvember 2010 verði vísað til nefndarinnar á ný til formlegrar afgreiðslu og undirritunar, lögð fram á fundi hreppsnefndar Rangárþings ytra þ. 16. desember 2010:

Lagt er til að fundargerð atvinnu- og menningarmálanefndar frá 2. fundi þ. 22. nóvember 2010 verði vísað til nefndarinnar á ný til formlegrar afgreiðslu og undirritunar. Ábending hefur komið fram um að "bókun formanns" undir lið 5.5 í fundargerðinni, hafi verið bætt inn í fundargerðina eftir að fundinum var slitið án þess að hún væri lögð fram og kynnt á fundinum. Ef rétt er með farið varðandi þennan lið í fundargerðinni, þá er þetta ekki heimilt samkvæmt almennum reglum um fundarskóp og ritun fundargerða. Blaðsíður fundargerðarinnar eru ekki tölusettar og fundargerðin er ekki undirrituð. Þessu þarf að bæta úr og verður aðeins gert á nýjum fundi í nefndinni. Af þessum orsökum er rétt að vísa fundargerðinni aftur til nefndarinnar svo bæta megi úr þessum meintu og ljósu ágöllum á henni.

Fulltrúar D-lista í hreppsnefnd Rangárþings ytra,

Guðmundur Ingi Gunnlaugsson

Þorgils Torfi Jónsson

Anna María Kristjánsdóttir

Tillagan borin undir atkvæði.

Þrír eru samþykktir tillöggunni (GIG, ÞTJ, AMK) og fjórir eru á móti (GÞ, MHJ, MÝS, ST)

Bókun Á-lista

„Fulltrúar Á-lista vilja benda á að allir nefndarmenn í Atvinnu- og menningarmálanefnd heimiluðu ritara nefndarinnar að ganga frá henni eftir fund og senda til staðfestingar í tölvupósti. Þetta er staðfest í fundargerðarbók sem liggur frammi og allir fulltrúar geta séð. Umrædd fundargerð, skv. formanni Atvinnu- og menningarmálanefndar, var samþykkt af fundarmönnum í tölvupósti. Þessi háttur var hafður á, á síðasta kjörtímabili m.a. hjá Íþróttá og æskulýðsnefnd og þannig má segja að komist hafi á stjórnsýsluvenja hvað þetta varðar. Þó að þetta vinnulag sé ekki til eftirbreytni þá er það skv. lögfræðingi SÍS ekki ólöglegt. Undirritaðir fulltrúar vilja beina því til sveitarstjóra að skerpa vinnubrögð er varðar frágang fundargerða nefnda á vegum sveitarfélagsins.

Guðfinna Þorvaldsdóttir, Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir, Magnús H. Jóhannsson og Steindór Tómasson“

Fundargerðin er til kynningar.

2. Brunavarnir Rangárvallasýslu bs., 23. fundur, dags. 30. nóv. 2010.

*Fundargerðin er samþykkt samhljóða.*

3. Stjórn byggingar- og skipulagsfulltrúaembættis Rangárþings bs., dags. 7. des. 2010.

Til kynningar.

#### Skipulagsmál og tengd erindi til staðfestingar:

4. Beiðni um staðfestingu sveitarstjórnar á landskiptum á jörðinni Haukadalur, skv. erindi dags. 9. sept. 2010.  
Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við landskiptin.  
*Samþykkt samhljóða.*
5. Beiðni um staðfestingu sveitarstjórnar á landskiptum á jörðinni Minni-Vellir, skv. erindi dags. 12. nóv. 2010.  
Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við landskiptin.  
*Samþykkt samhljóða.*
6. Bjarni Bessason og Guðrún Erna Baldvinsdóttir óska eftir heimild til nafngiftar á sumarhúsi og landi, skráðu í fasteignaskrá, skv. erindi dags. 22. nóv. 2010.  
Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við nafngiftina fyrir sitt leyti.  
*Samþykkt samhljóða.*
7. Hjördís Harðardóttir og Örn Sveinsson óska eftir heimild til nafngiftar á sumarhúsi og landi, skráðu í fasteignaskrá, skv. erindi dags. 22. nóv. 2010.  
Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við nafngiftina fyrir sitt leyti.  
*Samþykkt samhljóða.*
8. Bjarni Bessason, Guðrún Erna Baldvinsdóttir, Hjördís Harðardóttir og Örn Sveinsson óska eftir heimild til nafngiftar á vegstæði, skv. erindi dags. 22. nóv. 2010.  
Sveitarstjórn tekur ekki afstöðu til erindisins.  
*Samþykkt samhljóða.*

#### **Erindi til umsagnar og afgreiðslu:**

9. Lögreglustjóri; Beiðni um skipun í samstarfsnefnd lögreglu og sveitarfélaga, dags. 1. des. 2010.  
Sveitarstjóri, Gunnsteinn R. Ómarsson, er skipaður í samstarfsnefnd lögreglu og sveitarfélaga.  
*Samþykkt samhljóða.*
10. Samkomulag, um afnot og endurbætur á gangnamannahúsum í Hvangiljum og Gásagusti á Holtamannafrétti, milli Rangárþings ytra/Ásahrepps og Þjórsártungna ehf.  
Ekki er um kostnaðarþáttöku Rangárþings ytra að ræða í verkefninu. Sveitarstjóra er falið að undirrita samninginn.  
*Samþykkt samhljóða.*
11. Lögreglan; Beiðni um umsögn vegna beiðni Café Thor um lengdan opnunartíma um jólin, dags. 2. des. 2010.  
Skv. erindinu er óskað eftir því að opið verði til kl. 03 á Þorláksmessu, aðfararnótt 24. desember, og til kl. 03 á annan í jólum, aðfararnótt 27. desember, sem er undanþága frá almennum opnunartíma. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við lengdan opnunartíma Café Thor um jólin.  
*Samþykkt samhljóða.*
12. Kvennakórinn Ljósbrá; Beiðni um endurgjaldslausu aðstöðu fyrir jólatónleika á Laugalandi, haldnir 3. des. 2010, skv. erindi dags. 8. des. 2010.  
Samþykkt er að veita styrk á móti húsaleigu 3. des. sl. sem snýr að eignarhluta Rangárþings ytra í húsæðinu.  
*Samþykkt samhljóða.*  
Sveitarstjórn bendir á að betur fer á að sótt sé um styrki áður en viðburðir fara fram. Í undirbúningi er endurskoðun reglna sem snúa að styrkveitingum á móti húsaleigu hjá Rangárþingi ytra.
13. Tillaga að reglum um lágmarksfjölda barna á deild á einnar deildar leikskólum í Rangárþingi ytra og Ásahreppi.  
Sveitarstjórn mælir til þess að tillagan verði tekin til umræðu á fundi samráðsnefndar Rangárþings ytra og Ásahrepps.  
*Samþykkt samhljóða.*



14. Erindisbréf fyrir fræðslunefnd Rangárþings ytra og Ásahrepps.

Sveitarstjórn mælir til þess að erindisbréfið verði tekið til umræðu á fundi samráðsnefndar Rangárþings ytra og Ásahrepps.

*Samþykkt samhljóða.*

15. Tillaga að gjaldskrá fyrir íþróttamiðstöðvar í Rangárþingi ytra.

Drög að gjaldskrá til kynningar.

16. Tillaga að gjaldskrá fyrir leikskóla í Rangárþingi ytra.

Lögð er fram tillaga að gjaldskrá fyrir Leikskólann Heklukot og Leikskólann Laugalandi. Sveitarstjórn samþykkir framlagaða gjaldskrá sem lýtur að Rangárþingi ytra.

Sveitarstjórn samþykkir að fresta afgreiðslu gjaldskrárinnar og felur hreppsráði fullnaðarafgreiðslu á gjaldskránni á fundi sem haldinn verður fyrir áramót.

*Samþykkt samhljóða.*

17. Ákvörðun um álagningarhlutfall fasteignaskatts og tengdra gjalda fyrir árið 2011 skv. l. 4/1995

Lögð er fram tillaga að samþykkt um álagningarprósentur, afslætti og gjaldskrár fyrir 2011.

Fasteignaskattur verði sem hér segir:

A - 0,400% af fasteignamati á íbúðarhúsnæði, bílageymslur, geymsluhúsnæði, lönd og útihús í landbúnaði og sumarhús, allt með tilheyrandi lóðum.

B – 1,320% af fasteignamati húsa og lóða.

C – 1,467% af fasteignamati allra annarra fasteigna með tilheyrandi lóðum, þó að undanskildum fasteignum í B flokki

Tillagan borin undir atkvæði.

Fjórir samþykkja tillöguna, einn er á móti (ÞTJ) og tveir sitja hjá (GIG, AMK).

*Tillagan er samþykkt.*

18. Fjárhagsáætlun 2011, síðari umræða.

Sveitarstjóri og fjármálastjóri gerðu grein fyrir niðurstöðum fjárhagsáætlunar 2011.

Heildartekjur A og B hluta eru áætlaðar 962.436 þús. kr. og skiptast með eftirfarandi hætti:

| Rekstrartekjur                                     | þús.kr.   | Hlutfall tekna. |
|--|-----------|-----------------|
| Útsvar.....  | 415.000   | 43,12%          |
| Fasteignaskattur .....                             | 138.989   | 14,44%          |
| Jöfnunarsjóður.....                                | 208.800   | 21,82%          |
| Lóðarleiga .....                                   | 5.585     | 0,58%           |
| Aðrar tekjur.....                                  | 215.489   | 20,04%          |
| Rekstrargjöld                                      | þús.kr.   |                 |
| Heildargjöld án fjármagnsliða.....                 | 831.646   |                 |
| Tekjuafgangur fyrir fjármagnslið er áætlaður ..... | 130.790   |                 |
| Niðurstaða fjármagnsliða er áætluð.....            | 106.984   |                 |
| Rekstrarniðurstaða A hluta er áætlaður.....        | 44.286    |                 |
| Áætluð niðurstaða A og B hluta er.....             | 23.807    |                 |
| Efnahagur A og B hluta                             | þús.kr.   |                 |
| Fastafjármunir eru áætlaðir .....                  | 2.215.821 |                 |
| Veltufjármunir eru áætlaðir.....                   | 385.298   |                 |
| Eignir samtals eru áætlaðar .....                  | 2.601.119 |                 |

|   |           |
|---|-----------|
| Eigið fé er áætlað .....                    | 563.057   |
| Lífeyrisskuldbindingar eru áætlaðar.....    | 20.491    |
| Langtímaskuldir eru áætlaðar.....           | 1.546.352 |
| Skammtímaskuldir eru áætlaðar.....          | 471.219   |
| Eigið fé og skuldir samtals er áætlað ..... | 2.601.119 |

Handbært fé í árslok áætlað 111.564 þús.kr.

Fjárfestingar eru áætlaðar 7.000 þús. kr. á árinu 2011 og greinast sem hér segir: Grunnskólinn Hellu, 6.000 þús. kr. Íþróttahúsið Þykkvabæ 1.000 þús. kr. fjárgirðingar, 1.000 þús. kr.

Í b-hluta eru framkvæmdir áætlaðar 42.000 þús. kr.

Bókun fulltrúa D-lista í hreppsnefnd Rangárþings ytra við afgreiðslu á tillögu að fjárhagsáætlun Rangárþings ytra fyrir árið 2011, lögð fram á fundi hreppsnefndar Rangárþings ytra þ. 16. desember 2010:

Fyrir liggur að afgreiða tillögu að fjárhagsáætlun Rangárþings ytra fyrir árið 2011 sem unnin hefur verið og lögð fram af starfsmönnum sveitarfélagsins. Í tillögunni kemur fram að starfsmenn sveitarfélagsins stefna að því að afgangur verði af rekstri þess og að framlegð af rekstrinum aukist frá síðustu árum. Þetta er jákvætt og munu D-lista fulltrúar styðja við starfsmenn sveitarfélagsins í þessari viðleitni, þó benda megi á, að forsendur fyrir áætluðum tekjum séu að hluta óvissar og áætlaður minni rekstrarkostnaður, þ.m.t. launakostnaður, geti verið hlaðinn bjartsýni í ljósi þess að nánast allir kjarasamningar eru lausir. Starfsmönnum er þakkað fyrir þá vinnu sem lögð hefur verið í tillögu að fjárhagsáætlun Rangárþings ytra fyrir árið 2011.

Fulltrúar D-lista benda á eftirfarandi atriði í 39. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 og samhljóða ákvæði í 48. gr. samþykktar um stjórn og fundarsköp Rangárþings ytra :

"**39. gr. Hlutverk byggðarráðs.**

Byggðarráð fer ásamt framkvæmdastjóra sveitarfélags með framkvæmdastjórn þess og fjármálastjórn, að því leyti sem þessi mál eru ekki öðrum falin. Það hefur umsjón með stjórnýslu sveitarfélagsins almennt og fjárfjórn þess sérstaklega, undirbýr fjárhagsáætlanir og sér um að ársreikningar sveitarfélagsins séu samdir reglum samkvæmt."

Við undirbúning og samningu tillögu að fjárhagsáætlun fyrir árið 2011 hefur meirihluti Á-listans kosið að hundska þessi ákvæði og falið starfsmönnum alla ábyrgð á tillögugerðinni. Fullt traust er borið til starfsmanna eins og fram kemur í fyrsta hluta þessarar bókunar. Það er þó hlutverk kjörinna sveitarstjórnarfulltrúa að taka þær ákvarðanir sem taka þarf við samningu tillögu að fjárhagsáætlun sveitarfélagsins. Það hlutverk er ekki ætlað starfsmönnum. Eins og sveitarstjórnarlögin og samþykkt um stjórn og fundarsköp Rangárþings ytra kveða á um, er hreppsráðinu ætlað stórt hlutverk í þessu árlega verkefni. Tillaga að fjárhagsáætlun Rangárþings ytra fyrir árið 2011 hefur ekki komið fyrir hreppsráðið til umfjöllunar. Ekki er vitað til þess að kjörnir fulltrúar í sveitarstjórn Rangárþings ytra hafi komið að undirbúningi að tillögu að fjárhagsáætlun fyrir árið 2011 (sbr. upplýsingar frá oddvita á fundi hreppsnefndar þ. 2. desember 2010), utan tveggja stuttra upplýsingafunda með starfsmönnum sem haldnir voru að frumkvæði fulltrúa D-listans. Fulltrúar D-listans hafa ítrekað boðið fram krafta sína til þess að vinna sameiginlega að tillögu að fjárhagsáætlun fyrir árið 2011 í sátt og samvinnu við fulltrúa Á-listans, en þeir fulltrúar hafa ekki talið ástæðu til þess að vinna á þeim nótum. Af þeim orsökum sem að framan er lýst munu fulltrúar D-listans sitja hjá við afgreiðslu á fyrirliggjandi tillögu að fjárhagsáætlun Rangárþings ytra fyrir árið 2011 og áskilja sér rétt til þess að leita álits samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins á þeirri málsmeðferð sem tillagan hefur fengið.

Fulltrúar D-lista í hreppsnefnd Rangárþings ytra,

Guðmundur Ingi Gunnlaugsson

Þorgils Torfi Jónsson

Anna María Kristjánsdóttir

Bókun Á-lista vegna fjárhagsáætlunar 2011.

Fjárhagsáætlun 2011 er lögð fram af Á-listanum. Að gerð hennar komu jafnt kjörnir fulltrúar frá báðum listum. Fundað var í tvígang þar sem öllum sveitarstjórnarmönnum var boðið ásamt forstöðumönnum stofnana sveitarfélagsins þar sem farið var yfir fjárhagsáætlanir þeirra. Á þessum fundum komu fram áherslur sveitarstjórnarmanna. Á-listinn hafði einnig frumkvæði að því að halda íbúafund 13. des. 2010 til kynningar á fjárhagsáætlun til þess að ná fram breiðri samstöðu um hana meðal íbúa. Það var í höndum starfsmanna sveitarfélagsins að útbúa reiknilíkan þar sem áætlunin var unnin fyrir vinnufundina. Hugmyndafræðin að

Þessum nýju vinnubrögðum hjá Á-listanum við gerð fjárhagsáætlunar er að nýta sem best krafta og menntun fagaðila innan sveitarfélagsins. Fulltrúar Á-listans telja það hlutverk sveitarstjórnarmanna að móta stefnu sveitarfélagsins en hlutverk starfsfólks að vinna áætlun í samræmi við þá stefnu.

Á-listinn vill þakka sveitarstjóra, fjármálastjóra, forstöðumönnum, starfsfólki og þeim minnihlutafulltrúum sem sáu sér fært að taka þátt í vinnu við gerð fjárhagsáætlunar.

Guðfinna Þorvaldsdóttir, Magnús H. Jóhannsson, Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir, Steindór Tómasson.

Fjárhagsáætlun samstæðu Rangárbings ytra 2011 borin undir atkvæði.

Samþykkt með fjórum atkvæðum, þrjár sitja hjá (GIG, ÞTJ, AMK)

*Fjárhagsáætlun 2011 er samþykkt.*

Rúnar mætir á fund.

#### 19. Aðalskipulag Rangárbings ytra 2010-2022

Tillaga að samþykktum sv.stjórnar og svörum við þeim:

Aðalskipulag Rangárbings ytra 2010-2022

Tillaga að Aðalskipulagi Rangárbings ytra 2010-2022 var tekin til umræðu nýrrar sveitarstjórnar á fundi sveitarstjórnar 16. desember síðastliðinn. Tillagan var auglýst síðastliðið vor, staðfest í sveitarstjórn þann 26 maí síðastliðin og send til Skipulagsstofnunar til afgreiðslu.

Skipulagsstofnun gerði athugasemdir við afgreiðslu sveitarstjórnar með bréfi, dags 8. Júlí og voru athugasemdir teknar fyrir á fundi hreppsráðs þann 22. júlí 2010:

1. „Að mati skipulagsstofnunar þarf að skýra nánar ákvörðun um breytta skilgreiningu Þykkvabæjar og senda þeim sem gerðu athugasemdir við þetta atriði frekari rökstuðning. svara erindinu.“

Hreppsráð felur Skipulagsnefnd og Byggingar- og skipulagsfulltrúa að leggja fram álit vegna þessarar athugasemdar til hreppsnefndar.

2. Vegna reiðleiðar á landamerkjum Ægissíðu 2 og 3 en ekki er fjallað um athugasemina í svörum sveitarstjórnar.

Hreppsráð felur Skipulagsnefnd og Byggingar- og skipulagsfulltrúa að leggja fram álit vegna þessarar athugasemdar til hreppsnefndar.

3. „Skipulagsstofnun ítrekar að sveitarfélagið þarf að upplýsa hvort einhver annar aðili en sveitarsjóður og Skipulagssjóður hafi komið greiðslu kostnaðar vegna gerðar aðalskipulagstillögunnar.“

Hreppsráð lýsir því yfir að engir aðrir komu að greiðslu kostnaðar við aðalskipulagstillöguna en sveitarsjóður og Skipulagsstofnun.

4. Skipulagsstofnun bendir á að sveitarstjórn ber að loknum sveitarstjórnarkosningum að meta hvort ástæða sé til að endurskoða aðalskipulag sveitarfélagsins s.b.r 5.mgr 16.gr skipulags- og byggingarlaga.

Hreppsráð vísar þessari ábendingu til hreppsnefndar.

*Samþykkt samhljóða.*

Sveitarstjórn hefur haft málið til skoðunar en tafir urðu á afgreiðslu vegna skoðunar á kostum og göllum þess að skilgreina þéttbýli í Þykkvabæ og hvernig hægt væri að afgreiða athugasemd landeigenda að Ægissíðu 3 án þess að auglýsa þyrfti tillöguna að nýju.

Sveitarstjórn samþykkir að breyta ákvörðun fyrri sveitarstjórnar um að fella út þéttbýli í Þykkvabæ. Sveitarstjórn fellst þar með á athugasemdir íbúa og mun því áfram verða þéttbýli skilgreint þar skv. þeirri afmörkun sem fram kemur á skipulagsuppdrætti. Sveitarstjórn lýsir sig jafnframt fúsa til áframhaldandi vinnu við stefnumörkun vegna Þykkvabæjar, í samráði við íbúa svæðisins.

Sveitarstjórn Rangárbings ytra samþykkir að verða við athugasemdum eigenda Ægissíðu 3 um að fella út reiðleið á mörkum Ægissíðu 2 og Ægissíðu 3 í aðalskipulagi. Þá samþykkir sveitarstjórn að halda sambærilegri landnotkun á jörðinni og er í gildandi aðalskipulagi fyrrum Djúpárhrepps 1998-2010.

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að breyta gögnum í samráði við ofangreindar samþykktir og ganga frá bréfum til þeirra aðila er athugasemdir gerðu á grundvelli ofangreindra samþykktta.

Tillaga að aðalskipulagi samanstendur af greinargerð aðalskipulags ásamt aðalskipulagsuppdrætti byggðar í mælikv. 1:50.000, aðalskipulagsuppdrætti hálandissvæða í mælikv. 1:100.000, þéttbýlisuppdrætti af Hellu í mælikv. 1:10.000 og Þykkvabæ í mælikv. 1:10.000. Þá eru einnig meðfylgjandi umhverfisskýrsla, skýringaruppdráttur af Hellu, fjórir skýringaruppdrættir sem sýna Hekluskóga og önnur landgræðslusvæði, vatnsvernd, samgöngur og gróðurlendi.

Sveitarstjórn hefur yfirfarið fyrirbyggjandi tillögu að aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022 skv. 16 gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og samþykkir fyrirbyggjandi tillögu að aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022.

*Samþykkt samhljóða.*

Rúnar vikur af fundi.

#### **Fundargerðir til kynningar:**

20. Félagsmálanefnd Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu, 4. fundur, dags. 17. nóv. 2010.
21. Heilbrigðisnefnd Suðurlands, 130. fundur, dags. 19. nóv. 2010.
22. Barnaverndarnefnd Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu, fundur dags. 24. nóv. 2010.
23. Suðurlandsvegur 1-3 ehf., 5. fundur stjórnar, dags. 3. des. 2010.

Fram kemur í fundargerðinni að stjórnir Verkalýðsfélags Suðurlands og Félags iðn- og tæknigreina hafa samþykkt að setja eign sína að Suðurlandsvegi 3 inn í félag um rekstur Suðurlandsvegur 1-3, með fyrirvara um rekstrarhæfi slíks félags.

Sveitarstjórn tekur vel í þær hugmyndir sem fram koma í fundargerðinni. Sveitarstjórn samþykkir að skoða þá leið að leggja eign sína að Suðurlandsvegi 1 inn í slíkt félag með sama fyrirvara um jákvætt mat á rekstrarhæfi slíks félags.

*Samþykkt samhljóða.*

24. Atvinnuþróunarfélag Suðurlands, 297. fundur stjórnar, dags. 3. des. 2010.
25. Atvinnuþróunarfélag Suðurlands, 30. aukaáðalfundur, dags. 3. des. 2010.
26. Stjórn SASS, 439. fundur, dags. 10. des. 2010.

#### **Fundaboð og kynningarefni:**

27. Ályktun Barnaheilla til ríkisstjórnar og sveitarfélaga, skv. bréfi dags. 8. des. 2010.

Þetta er síðasti fundur sveitarstjórnar á árinu 2010 og er næsti fundur sveitarstjórnar er áætlaður 13. janúar 2011. Sveitarstjórn óskar íbúum og starfsfólki sveitarfélagsins gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári með þökk fyrir samstarfið á árinu sem er að líða.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerð lesin yfir og fundi slitið kl. 17.50